





**SUMARTÓNLISTIN
FÆST Í
HAMRABORG EHF.**
HAFNARSTRÆTI 7 • ÍSAFIRÐI • SÍMI 456 3166



Bæjarinn besti

Miðvikudagur 23. júlí 2003 • 29. tbl. • 20. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Ísafjörður

Prír teknir fyrir ölvun við akstur

Lögreglan á Ísafirði stöðvaði þrjá ökumenn grunaða um ölvun við akstur aðfaranótt sunnudags.

Einn ökumannanna var stöðvaður innan bæjar á Ísafirði, annar var á ferð í jarðgöngunum milli Ísafjarðar og Suðureyrar og sá þriðji við Ögur í Ísafjarðardjúpi þar sem haldinn var dansleikur í félagsheimilinu.

Bolungarvík

Minni eignir

Hrein eign Lífeyrissjóðs Bolungarvíkur minnkaði á síðasta ári um 87 milljónir eða 4,2%. Hrein eign Lífeyrissjóðs Vestfirðinga minnkaði um 1,9% á sama tímabili. Í heildina jókst hrein eign íslenskra lífeyrissjóða um rúma 34 milljarða eða um 5,3%. Af 51 lífeyrissjóði í samantekt Fjármálaeftirlitsins rýrnaði hrein eign 16 þeirra.



Hættur að svekkja mig á gangi mála

– segir „stýrimaðurinn í Dubai“, Flosi Arnórsson frá Ísafirði. Sjá viðtal í miðopnu

Þorskaflí dregst minna saman á Vestfjörðum en á landsvísu

Tæp 25 þúsund tonn komin á land

Frá upphafi yfirstandandi fiskveiðiárs í september til loka júní var landað 24.909 tonn af þorski í höfnum á Vestfjörðum en á sama

tímabili í fyrra hafði verið landað 26.669 tonnum á svæðinu. Á landsvísu minnkar aflinn úr 194.096 á sama tímabili í fyrra í 173.770 tonn nú.

Á Vestfjörðum dregst því þorskaflinn saman um 6,7% en 10,4% á landsvísu. Í heildina hafa borist á land á Vestfjörðum frá upphafi fiskveiði-

ársins til loka júní 49.914 tonn en á sama tíma fyrir ári hafði verið landað 60.084 tonnum. Vegur þar þýngst að engin loðna barst á land í Bolungar-

vík á vetrarvertíð. Í lok júní var loðnuafllinn í Bolungarvík frá upphafi fiskveiðiárs 866 tonn en var 13.134 tonn á sama tíma í fyrra.

/SAMKAUP/
- gætt og gætt!

OPIÐ:

Virka daga
kl. 09 - 21

Laugardaga
kl. 10 - 21

Sunnudaga
kl. 12 - 21

Verið
velkomin!

/SAMKAUP/
- gætt og gætt!

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460



SKIP OG BÍLL - HEILDARLAUSN Í FLUTNINGUM

Flytjandi
- allt er hægt!

EIMSKIP
GREIÐ LEIÐ

Útgefandi:

H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
Sími 456 4560,
Fax 456 4564

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is

Bláðmenn:

Kristinn Hermannsson
sími 863 1623
kristinn@bb.is
Hálfadán Bjarki Hálfadánsson
sími 863 7655
halfdan@bb.is

Ritstjóri netútgáfu:

Hlynur Þór Magnússon
sími 892 2240
hlynur@bb.is

Ljósmyndari:

Halldór Sveinbjörnsson
sími 894 6125,
halldor@bb.is

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson og
Halldór Sveinbjörnsson

Umboðsaðilar BB:

Eftirtaldir aðilar sjá um
dreifingu á blaðinu á þétt-
býlisstöðum utan Ísa-
fjarðar: **Bolungarvík:**
Sólveig Sigurðardóttir,
Hlíðarstræti 3, sími 456
7305. **Súðavík:** Sólveig
Gísladóttir, Arnarflöt 7, sími
456 4106. **Suðureyri:**
Deborah Anne Ólafsson,
Aðalgötu 20, sími 898
6328. **Flateyri:** Gunnhildur
Brynjólfsdóttir, Brimnesvegi
12a, sími 456 7752.
Þingeyri: Anna Signý
Magnúsdóttir, Hlíðargötu
14, sími 456 8233.

Sölustaðir á Ísafirði:

Hamraborg, Hafnarstræti
7, sími 456 3166. **Flug-
barinn,** Ísafjarðarflugvelli,
sími 456 4772. **Bónus,**
Ljóninu, Skeiði, sími 456
3230. **Bókhladan,** Hafn-
arstræti 2, sími 456 3123.
Bensínstöðin, Hafnarstræti,
sími 456 3574. **Samkaup,**
Hafnarstræti 9-13, sími 456
5460. **Krílið,** Sindragata 6,
sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 250
eintakið m.vsk. Áskriftarverð
er kr. 215 eintakið. Veittur
er afsláttur til elli- og
örorkulífeyrisþega. Einnig
sé greitt með greiðslukorti.



Fjöldi fólks kom saman á Silfurtorgi.

Vegleg setningar- hátíð Siglingadaga

Fjölmenni kom saman á
Silfurtorgi á Ísafirði síð-
degis á föstudag þegar há-
tíðin Siglingadagar var
sett. Mikið var í setning-
una lagt og boðið upp á
alls kyns afþreyingu fyrir
fólk á öllum aldri. Kántri-

sveitin Unaðsdalur lék
fyrir gesti sem gátu skoð-
að og verslað alls kyns
varning á sölubásum á
torginu. Þá var keppt í
línuskautareið og fleiri
íþróttagreinum. Þegar
fólk hafði skoðað sig um í

nokkra stund og hlustað á
gott kántrí, var hátíðin sett
af Birnu Lárusdóttur, for-
seta bæjarstjórnar Ísa-
fjarðarbæjar. Meðfylg-
andi myndir voru teknar á
setningarhátíðinni.
halfdan@bb.is

Byggðastofnun

Kemur ekki að „Strandalavegi“

Jónas Guðmundsson for-
varsmaður einkahlutafélags-
ins Leiðar ehf., segir að frekari
fyrirgreiðslu sé ekki að fá frá
Byggðastofnun vegna vinnu
félagsins við einkafjármögnun
á svokölluðum „Strandal-
avegi“ milli Hólmavíkur og
Gilsfjarðar um Arnkötludal og
Gautsdal. Sem kunnugt er
samþykkt stjórn Byggða-
stofnunar í júní 2002 að styrkja
Leið ehf., um eina milljón
króna til athugana á legu hugs-
anlegs vegar. Í nóvember ósk-

aði Leið ehf., eftir viðræðum
við Byggðastofnun um frekari
fyrirgreiðslu við verkefnið á
grundvelli fyrirbyggjandi um-
sóknar og þeirrar vinnu sem
fram hafði farið fyrir andvirði
styrksins.
„Erindið var ítrekað með
bréfi 6. febrúar 2003. Svör
bárust ekki en á sérstökum
fund með stofnuninni, sem
haldinn var að ósk félagsins í
júní sl., kom fram að fyrir-
greiðslu væri ekki að fá. Þessi
afstaða var ítrekuð með bréfi

til félagsins, dags. 17. júlí
2003. Í bréfinu var jafnframt
staðfest að erindið hafði þann
14. febrúar 2003 verið lagt
fyrir stjórn stofnunarinnar til
kynningar“, sagði Jónas.

Ekkert var bókað um málið
á þeim fundi, „enda er og hefur
verið afstaða Byggðastofnun-
ar að hér sé um að ræða verk-
efni sem ekki er á hennar verk-
sviði“, eins og segir í bréfi
stofnunarinnar.

kristinn@bb.is



Kántrísveitin Unaðsdalur lék fyrir gesti.



Þessi ungi maður sýndi mikil tilþrif í línuskautareiðinni.



ÍSAFJARÐARBÆR

BREYTT NÝTING Á TEIGAHVERFI

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur
samþykkt tillögu umhverfisnefndar
um breytta nýtingu á Teigahverfi í
Hnífsdal. Tillagan gerir ráð fyrir að á
auðum lóðum verði komið fyrir leik-
tækjum og aðstöðu fyrir tjaldvagna
en byggðar lóðir nýttar til sumardvala.
Við félagsheimilið verði land jafnað,
það grætt upp og möguleiki verði á
nýtingu þess sem tjaldsvæði.
Tillagan er til sýnis á tæknideild Ísa-
fjarðarbæjar frá 24. júlí til 22. ágúst
en frestur til að koma skriflegum at-
hugasemdum við tillöguna á framfæri
við tæknideild er til 5. september nk.
Þeir sem ekki gera athugasemdir inn-
an tilskilins frests, teljast vera sam-
þykkir tillögunni.

Skipulagsfulltrúi Ísafjarðarbæjar.

bb.is

púlsinn fyrir vestan

RITSTJÓRNARGREIN

Fyrirtæki á landsbyggðinni

Fyrirhugað samstarf ísfirskra fyrirtækisins Póls hf við bandaríska fyrirtækið
FoodCraft, um markaðssetningu og dreifingu á tækjabúnaði Póls til kjúklinga-
framleiðenda í Norður-Ameríku, er ánægjuefni og enn ein sönnun þess, að
fyrirtæki á landsbyggðinni eiga ekki síður en önnur möguleika á að ná fót-
festu á mörkuðum erlendis. Ísfirsku fyrirtækin Póls hf og 3X-Stál ehf., eru svo
sannarlega í þeim hópi íslenskra iðnfyrirtækja, sem gert hafa strandhögg
erlendis á undanförnum árum og náð eftirtektarverðum árangri.

Velgengi þeirra ísfirsku fyrirtækja, sem hér hafa verið nefnd til sögu er
fagnaðarefni. Þessu ber líka að halda á lofti öðrum til ábendingar. Velgengi
fyrirtækja á erlendum mörkuðum er ekki háð staðsetningu í þéttbýliskjarnanum
við Faxaflóa. Þvert á móti. Mörg fyrirtæki skortir hagstætt rekstrarumhverfi,
t.d. hvað húsnæði varðar, en sá þáttur er oft fyrirferðarmikill í rekstri framleiðu-
fyrirtækja. Á þessum vettvangi hefur áður verið á það bent að við eignum af
fullri einurð og krafti að vinna að því að fá fyrirtæki til bæjarins.

Póls hf., er meðal þeirra landsbyggðafyrirtækja sem sannað hafa ágæti sitt
á alþjóða mörkuðum. Við þurfum á fleirum að halda.

Margt er það í koti karls

Sýning á ljósmyndum Sigurgeirs heitins Halldórssonar, Geira í Vallarborg, í Tjörúhúsinu á
Ísafirði, er rökrétt framhald þeirrar framsýni niðja hans að halda til haga öllum þeim fjölda ljós-
mynda, sem hann lét eftir sig. Af upplýsingum um ljósmyndasafnið má ráða, að þar sé að finna
heimildir um líf og störf sjómannsins á hafi úti á þeim áratugum síðustu aldar, þegar aðdragandi
mestu framfara í útgerð hér á landi átti sér stað, en Sigurgeir, sem lengst af ævi sinnar var
sjómaður, lést á sama ári og fyrsti skuttogarinn kom til Ísafjarðar. Auk þess er í safninu að finna
sæg mynda af samferðamönnum Sigurgeirs.

Ljósmyndir Sigurgeirs eru heimildir um fyrri tíma fólk þegar lífið var fiskur og allt stóð og
féll með því, sem tókst að sækja í greipar Ægis hverju sinni.

Vart var hægt að heiðra minningu þessa óbreytta alþýðumanns, sem ætíð hafði myndavélina
við hendina og hafði auga fyrir fólki, lífi þess og störfum, betur en með sýningunni á myndum
hans í Tjörúhúsinu á Ísafirði. Sannast þar enn, að margt er það í koti karls, sem kóngs er ekki
í ranni.

s.h.

Tjöruhúsið í Neðstakaupstað

Ljósmyndir sjómanns

Á laugardag opnaði sýningin Ljósmyndir sjómanns í Tjöruhúsinu í Neðstakaupstað á Ísafirði. Á sýningunni má líta myndir eftir Sigurgeir Bjarna Halldórsson frá Skálavík í Hólahreppi sem fluttist til Ísafjarðar árið 1929.

„Ég held að flestar myndirnar á þessari sýningu séu frá árunum 1948 til 1956“, segir Sigrún Sigurgeirsdóttir, en ljósmyndarinn var faðir hennar.

„Myndirnar tók hann vítt og breytt á siglingum sínum um landið. Hann tók mjög margar myndir á Ísafirði, en færstar þeirra eru þó á sýningunni.“

Sýningin er í tengslum við Siglingadaga á Ísafirði og lýkur formlega á laugardag í þessari viku. Myndirnar munu þó hanga á veggjum Tjöruhússins út sumarið.

halfdan@bb.is



Afkomendur Sigurgeirs Bjarna Halldórssonar fyrir framán Tjöruhúsið í Neðstakaupstað við opnun sýningarinnar.



Gestir virða fyrir sér myndir á sýningunni.



Fjölmenni var við opnun sýningarinnar.

Ljósmyndir: Þorsteinn J.Tómasson.

Sumardagskrá Hótel Eddu Núpi 2003

Alla sunnudaga í sumar verður hið víðfræga kaffihlaðborð sem enginn má missa af!!

26. júlí

Sjávarréttahlaðborð
2 fyrir 1 í gistingu
alla helgina

**Verslunar-
mannahelgin**

Spennandi 3ja rétta
matseðill alla helgina
ásamt kaffihlaðborði
... á sunnudeginum
2 fyrir 1 í gistingu

16. ágúst

Steikarhlaðborð
2 fyrir 1 í gistingu

Sýning

Sýning á málverkum
Bjarna Heiðars
Joensen er að Núpi.
Margar fallegar
myndir að vestan!

Síminn...

Síminn hjá okkur er
4444-950. Einnig er
tilvalið að fylgjast með
á www.hoteledda.is



Verðlaunagetraun Hótel Eddu, Núpi og Svæðisútvarpsins

Svör sendist til Hótel Eddu, Núpi 471 Þingeyri. Dregið verður í beinni útsendingu 7. ágúst. Verðlaun: Matur og gisting fyrir tvo á Núpi laugardaginn 16. ágúst

Hvað eru mörg Eddu-hótel á landinu sumarið 2003?

Nafn:

Sími:





rúmlega tvítugir. „Mamma var farin að tuða í mér að fara að gera eitthvað“, segir Trausti. „Ég talaði við strák sem hafði

Flugið frá Kaupmannahöfn til Bangkok í Tælandi tók ell-

Færri flugfarþegar en síðasta sumar

Meira en 4ra hektara bráðabirgðatjaldstæði

Vinningshafinn á leið til Brattahlíðar

Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

efu klukkustundir. „Þetta er samt besta og þægilegasta flug sem ég hef farið í“, segir Trausti. „Við flugum með Thai Air og þjónustan var ótrúleg þannig að flugið var alls ekki svo leiðinlegt. Flugið var eiginlega forsmekkurinn að því sem koma skyldi, því ferðin var í alla staði ótrúleg og við lifðum eins og kóngar þarna úti. Við gistum fyrst í tvær nætur á fimm stjörnu hóteli í Bangkok þar sem við fengum ekki að opna dyr sjálfir, þjónustan var svo góð.“

Enginn hafði séð íslenskt vegabréf

Þegar þeir félagar höfðu dvalið í Bangkok í tvo daga var flogið til grannríkisins Kambódíu, en íbúar landsins hafa þurft að þola gífurlegar hörmungar undanfarna ára-tugi. „Við lásum okkur til um sögu landsins áður en við förum út, um Rauðu kmerana og allar jarðsprengjurnar sem eru grafnar þarna. Við komumst að því í ferðinni að sögurnar af þessum hörmungum eru alls ekki ýktar. Við komuna til Kambódíu, þar sem enginn hafði séð íslenskt vegabréf áður, fórum við fyrst að skoða Angkor Wat, risastórar 800 ára gamlar steinkastalarústir. Þetta var alveg magnað fyrirbæri, ótrúlega stórt og allir veggir skreyttir með útskurði. Það þurfti líka 380 þúsund þræla til að gera þetta fyrir konung-ana og verkið tók nokkrar ald-ir“, segir Stefán.

Fátæktin ótrúleg

Því næst fengu þeir Trausti og Stefán að kynnst því hvernig hinn venjulegi Kam-bódíubúi hefur það. „Við keyrðum inn í þorp þar sem fátæktin var hreint ótrúleg, alveg ólýsanleg. Fólk bjó ekki í húsum heldur einhvers konar strákofum. Það vantaði annan fótinn eða báða á margt af fólkinu, en jarðsprengjubelti hafa leikið Kambódíubúa grátt. Það er sama hvar þú ert í landinu, þú getur alltaf séð fólk sem hefur misst útlím. Við sáum oft skilti sem vörðuðu við jarðsprengjusræðum“, segir Trausti. Stefán bætir því við, að þegar þeir voru í Angkor Wat hafi barnaskari setið fyrir ferðamönnum. „Það voru allir að selja póstkort og alls konar dót. Þessi börn mæta þarna alla morgna áður en þau fara í skólann og koma síðan aftur

eftir skóla. Þetta eru börn á aldrinum 5-10 ára og þau gera ekkert annað en að vinna og læra.“

Börnin furðulega sátt

„Við skoðuðum líka athvarf fyrir konur sem höfðu lent í ýmis konar hremmingum, heimilisofbeldi eða verið seldar í vandi til Tælands, svo nefnd séu dæmi. Í þessu athvarfi er þeim kennt að sauma og annað slíkt og svo eru þær sendar í verksmiðjurnar. Við skoðuðum nokkrar verksmiðjur. Í einni Adidas-verksmiðju voru fimm þúsund manns að vinna á þremur hæðum við að sauma og í Levi's-verksmiðju voru tólf hundruð manns á einni hæð. Þetta var alveg ótrúlegur fjöldi“, segir Stefán. Trausti segir að þeir hafi einnig skoðað skóla fyrir mun-aðarlaus börn og fært þeim gjafir. „Það sem kom mér mest á óvart var hversu ánægð börn-in voru. Þetta voru börn sem áttu ekki neitt, ekki foreldra, ekkert, en voru samt furðulega sátt við lífið og tilveruna.“

Frá þorpinu sigldu strákarnir til Phnom Penh, höfuðborgar Kambódíu. „Við sigldum á gríðarstóru stöðuvatni [Tonle Sap – innskot BB]. Það var mjög myndið, að þegar við vorum komnir lengst út á vatnið og hættir að sjá til lands, þá sáum við fiskimenn á litlum kanóum. Okkur fannst nógu skrítið að sjá þá á þessum litlu bátum lengst úti á miðju vatni. En okkur brá enn meir þegar þeir stigu út úr bátunum, stóðu í vatninu og voru að athafna sig. Vatnið er fáránlega grunnt á nokkrum stöðum“, segir Stefán.

Viðbjóðslegar leifar ógnarstjórnarinnar

Strákarnir dvöldu í höfuðborginni í fimm daga og sáu meðal annars eitt af mörgum fangelsum sem Rauðu kmerar-nir notuðu meðan á ógnar-stjórn þeirra stóð síðari hluta áttunda áratugar nýliðinnar aldar. „Þetta fangelsi var viðbjóðs-legt“, segir Trausti. „Það var ógeðslegt að sjá þetta. Alls voru 27 þúsund manns settir í þetta fangelsi og aðeins sjö þeirra lifðu það af. Þarna voru karlar, konur og börn. Fangar voru pyntaðir og konum var nauðgað. Við skoðuðum einn pyntingarklefann þar sem fingurneglnar voru dregnar af mönnum og geirvörtur rifnar af konunum. Síðan settu menn skordýraeitur í sárin.

Það var ennþá blóð á gólfinu og á veggjunum. Þetta var al-ger viðbjóður.“

Syntu í sama fossi og DiCaprio

Eftir tíu daga dvöl víðs vegar um Kambódíu, þar sem Stefán og Trausti fengu að kynnst ýmsum hliðum mann-lífsins, var flogið aftur til Tæ-lands og haldið í þjóðgarð þar í landi. „Þegar þangað var komið fórum við í hjóltreidatúra og gönguferðir í gegnum frum-skóg“, segir Stefán. „Við höfðum vopnaðan leiðsögumann með okkur sem sagðist bera byssur og hnifa til að verjast tigrisdýrum. Hann sagðist tvisvar hafa þurft að skjóta tigrisdýr til að verja ferðamennina. Við sáum reyndar engin tigrisdýr en við sáum apa, risaköngulær, hirti, blóð-sugur og fleira skemmtilegt. Svo syntum við í sama fossi og Leonardo DiCaprio í myndinni The Beach.“

Eitraður snákur skemmdi fyrir

Síðustu daga ferðarinnar voru þeir Stefán og Trausti á eyjunni Ko Chang sem liggur rétt við strendur Tælands. „Þetta er alger paradísareyja“, segir Trausti. „Á fyrsta degi leigðum við okkur mótorvespur, sjö strákar saman. Til að gefa hugmynd um verðlagið þarna, þá kostaði vespan 400 krónur á sólarhring. Við ókum um alla eyjuna og meðal annars syntum við í fossi. Við ætluðum reyndar að synda í öðrum fossi en baneitraður snákur hafði komið á undan okkur og við vildum ekki keppa við hann um plássíð. Þessi ferð okkar á vespun-um gekk nú ekki áfallalaust og við skemmdum hjólin okkar svolítið. Við þurftum að borga fimm þúsund krónur í sekt þegar við komum heim.“

Geðstírður fíll

Stefán segir að eyjan sé ægi-fögur. „Umhverfið er alveg eins og úr bíómynd. Strandirnar eru skjannahvítar, pálma-tré út um allt og kókosshetur dettandi niður. Eyjan er enn nokkuð óuppgeðtvað og mjög lítið um túrista svo maður getur verið út af fyrir sig. Einn daginn fórum við í reiðtúr á fílum. Alls vorum við á sex fílum, tveir á hverjum fíl. Allir voru þeir kvenkyns nema okkar. Hann var karl-kyns og miklu stærri en hinir.



Trausti við foss í Tælandi, sama foss og Leonardo DiCaprio synti í.

Ókosturinn var hversu geð-vondur hann var. Það er víst bara einn maður sem getur stjórnað honum. Þessi fíll sem við vorum á étur 250 kíló á dag og hann var alltaf að fá sér að éta á leiðinni með miklum látum. Hann reif upp heilu trén með rananum og nagaði þau. Grey-ið fillinn mátti ekki koma nálægt hinum kvenfílunum, því þá gat hann farið að haga sér undarlega. Að ferðinni lokinni voru allir að strjúka sínum fíl-um en við máttum ekki koma nálægt okkar.“

Fengu sér pylsu við heimkomuna

Þessi þriggja vikna ferð var mjög viðburðarík og ánægju-leg fyrir þá féлага, sem voru þó ánægðir að koma aftur heim til Íslands nú um miðjan júní. „Það fyrsta sem við gerð-um þegar við komum var að fá okkur almennilega pylsu og kók“, segir Stefán. „Ég man samt hvað okkur fannst ótrú-lega kalt. Okkur fannst nógu kalt þegar við lentum í Kaup-mannahöfn fyrir um daginn en við ætluðum ekki að trúa því hvað var kalt á Íslandi. Samt var komið sumar.“



Strákarnir í Angkor Wat steinarústunum.

Tíu þúsund tonn af loðnu á land í Víkinni

Um tíu þúsund tonn af loðnu hafa komið í hús til loðnu-bræðslunnar Gnár í Bolungarvík það sem af er yfir-standandi sumarvertíð. Í síðustu viku var landað úr loðnuskipinu Ísleifi rúmlega 1.000 tonnum, en þess má geta að þetta er í áttunda skiptið í röð sem Ísleifur leggur upp hjá Gná. „Það er vonandi að sumarvertíðin haldi eitthvað áfram, en það er erfitt að segja hversu lengi það verður. Við fengum um 17 þúsund tonn á land á síðustu sumarvertíð og það er vonandi að við náum í það minnsta jafn miklu nú“, sagði Einar Jónatansson. – halfdan@bb.is

Lokið við gerði gervi-grasvallar á Torfnesi

Lokið verður við gerð nýs gervigrasvallar á Torfnesi um næstu helgi að sögn Björns Helgasonar íþrótt- og æsku-lýðsfulltrúa Ísafjarðarbæjar. „Við stefnum að því að heimila æfingar á mánudag (21.júlí). Þá ætti að vera búið að girða völlin og ganga frá ljósabúnaði“, segir Björn. Hlaupabrautir, stökkbrautir og körfuboltavöllur við íþróttahúsið á Torfnesi verður lagðar svokölluðu „tartan“ yfirborði. „Efnið er komið og núna er verið að þússa og slípa undirlagið. Síðan verður flotspartlað og efnið límt niður í framhaldinu. Í allt er þetta fimm daga



ferli. Þannig má segja að við megum ekki vera mikið seinna á ferðinni svo aðstaðan verði klár fyrir unglinga-landsmótið um verslunarmannahelgi“, segir Björn. kristinn@bb.is



SÆLKERI VIKUNNAR

ER ELA MARÍA THOMPSON
Á GEMLUFALLI Í DÝRAFIRÐI

Einfaldir og orkuríkir réttir fyrir heyannir

Hérna koma þrjár uppskriftir frá Gemlufalli. Fyrst ber að nefna einfaldan en mjög góðan fiskrétt. Hann tekur stuttan tíma í undirbúningi og á því vel við í heyönnum. Með fiskinum finnst mér passa vel að bjóða upp á heimalagað snittubrauð. Í efirrétt er svo boðið upp á ljúffengt konfekt með bragðmiklu og góðu kaffi. Það er orkurík og hressandi blanda sem kemur sér vel þegar drífa þarf heimilisfólkið áfram í heyskapnum.

Ostalúða með sveppum og blaðlauk
800 g lúða (flökuð og beinhreinsuð)
10-12 ferskir sveppir
½ blaðlaukur
1 peli rjómi
1 dl vatn
1 Gullostur
1 súputeningur

Lúðan er skorin í bita og sett í eldfast mót. Sveppir og blaðlaukur eru saxaðir smátt og steiktir í örlitlu smjörlíki. Síðan er vatni, rjóma og súputeningi bætt úti. Þá er osturinn brytjaður smátt og settur saman við. Þetta er látið malla þar til að osturinn hefur bráðnað. Að lokum er sósunni hellt yfir fiskinn og hann bakaður við 200° í 20 til 25 mínútur.

Ég mæli með hrísgrjónum, fersku salati og snittubrauði með þessum rétti.

Snittubrauð

5 dl hveiti
2 tsk þurrger
1 tsk salt
1 msk sykurl
2 msk matarolífa
1½ dl volgt vatn



Blandið þurrefnum saman og hnoðið með vatni og matarolífu. Látið deigið hefast á volgum stað og mótið síðan í 2 til 3 snittubrauð. Penslið yfir með eggi og bakið þar til brauðið er orðið gullinbrúnt (ca 15-20 mínútur).

Konfekt

3dl sykurl
3 eggjahvítur
100 kókosmjöl
60 g súkkulaðispæni
½ tsk möndludropar
100 g núggat
100 g súkkulaði

Eggjahvítur eru stífþeyttar með sykrinum. Kókosmjöli, súkkulaðispæni og möndludropum er hrært varlega saman við með sleif. Setjið í sprautupoka og búið til doppur á smjörpappír. Bakið í 10 mínútur við 160° og kælið síðan.

Þá er núggat og súkkulaði brætt yfir vatnsbaði. Dýfið konfektbotnunum í og látið harðna. Geymið konfektíð á köldum stað þar til það er borðað.

Verði ykkur að góðu.

Ég skora á Jónu Björgu Kristjánsdóttur, Fjarðargötu 40 á Þingeyri að vera næsti matgæðingur.



Verkefnisstjóri Fornleifastofnunar Vesturlands

Fornleifastofnun Íslands óskar eftir að ráða verkefnisstjóra Fornleifastofnunar Vesturlands á Ísafirði.

Leitað er eftir einstaklingi í hlutastarf með háskólapróf í fornleifafraeði eða skyldum greinum, með reynslu af rannsóknarstarfi og verkefnastjórnun.

Starfið felst í daglegri umsjón með skrifstofu stofnunarinnar á Ísafirði og verkefnum stofnunarinnar á Vestfjörðum og Vesturlandi. Æskilegt er að viðkomandi hafi búsetu á Ísafirði. Umsóknarfrestur er til 1. ágúst nk.

Upplýsingar um starfsemi Fornleifastofnunar er að finna á vefslóðinni www.fornleif.is. Nánari upplýsingar um starfið veitir forstöðumaður.

Fornleifastofnun Íslands, Bárugötu 3, 101 Reykjavík, sími 551 1033, fax 551 1047. Netfang: fsi@instarch.is



Halldór Gunnar, Þórhallur, Hörður og Birgir úr BMX.

Unglingalandsmót UMFÍ um verslunarmannahelgina

BMX verður önnur aðalhljómsveit hátíðarinnar

Vestfirski rokkssveitin BMX hefur verið ráðin sem önnur aðalhljómsveit Unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið verður á Ísafirði um komandi verslunarmannahelgi. Deila þeir sviðinu með hinni landsþekktu gleðisveit Á móti sól en að auki munu ungsveitirnar Apolló frá Ísafirði og Svita-

bandið sem sigraði hæfileikaþingunni Samfés troða upp á mótinu. BMX verður aðalhljómsveit föstudagskvölds en á Móti Sól verða í forgrunni laugardags- og sunnudagskvöld.

Jón Pétur Róbertsson framkvæmdastjóri ULM 2003 segir mjög ánægður með ráðn-

MAÐUR VIKUNNAR

Manchester United er uppáhalds- liðið í enska boltanum



Nafn: Jón Þorgeir Einarsson.

Fædd/-ur, hvar og hvenær: Í Bolungarvík 22. maí '62.

Atvinna: Endurskoðandi.

Fjölskylda: Giftur Sigrúnu Sigurðardóttur og eigum við þrjú börn: Ingibjörgu 16 ára, Elías 12 ára og Nikulás 8 ára.

Helstu áhugamál: Fótballi, golf, skíði (gönguskíði seinni árin), gönguferðir um fjöll, firnindi og óbyggðir og stangveiðar.

Bífreið: Nissan Terrano II, árg. 1998.

Hvernig bíl vildir þú helst eiga? Toyota Landcruiser. Bílskúrinn hjá mér er því miður of lágur fyrir hann.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill? Skipstjóri.

Uppáhalds matur? Soðin ýsa með nýjum kartöflum úr eigin garði, flatkókum og mörfloti.

Versti matur sem þú hefur smakkað? Selspik og grjónaþrautur.

Uppáhalds drykkur? Kaffi.

Uppáhalds tónlist? Mannakorn og Billy Joel.

Uppáhalds íþróttamaður eða félag? Flestir leikmenn Man. Utd. síðustu 15 árin eru mínir uppáhalds-íþróttamenn s.s. Beckham, Cantona, Keane, Scholes og Giggs og Tiger Woods í golfinu. Uppáhaldsfélagin mín eru Man. Utd. og UMF.B.

Uppáhalds sjónvarpsefni? Fréttir, veður, fótballi, golf og íslenskir þættir.

Uppáhalds vefsíðan? bb.is

Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Hef ekki séð þær margar, segi þó Nýtt líf og Með allt á hreinu.

Fallegasti staður hérlendis? Hef alltof lítið farið, það sem ég hef séð af Vestfjörðum er yfirleitt mjög fallegt. Þá nefni ég Asbyrgi og Vík í Mýrdal.

Fallegasti staður erlendis? Ítölsku alþarnir og Madonna á Ítalíu.

Ertu hjátrúarfull(ur)? Já, þó ekki í miklu mæli.

Uppáhalds heimilistækni? Brauðristin.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Að vera úti í íslenskri náttúru við veiðar, í golfi eða á göngu.

Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna? Öfund, leti og horfa upp á ungt og efnilegt fólk leggjast í óreglu.

Hvað gerir þú til að láta þér líða vel? Hreyfi mig og fæ mér smá krú ef ég er syfjaður.

Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast? Já.

Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í? Þegar ég átti misheppnað markskot í íþróttahúsinu í Bolungarvík sem lenti á andliti konu minnar, sem var í leikfimi á efri hæðinni og þurfti að fara heim slösuð á eftir.

Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta? Koma á fót sameiginlegum fundi bæjarstjóra landsins með ríkisstjórn þar sem kvartað væri yfir alltof lítilli hlutdeild sveitarfélaga í opinberum gjöldum.

Lífsmóttó? Reyna að vera heiðarlegur og krefjast ekki meira af öðrum en ég krefst af sjálfum mér.

Opnaði sýningu um skipasmiðinn í Neðsta

Áslaug Jensdóttir staðarhaldari í Faktorshúsinu í Hæstakaupstað á Ísafirði opnaði síðdegis á föstudag sýninguna *Skipasmiðurinn í Neðsta* í tilefni Siglingadaga á Ísa-

firði. Þar getur að líta myndir af skipum sem afi hennar Marsellíus Bernharðsson smíðaði í skipasmiðastöð sinni í Suðurtanga. „Úlfar Ágústsson sem vinnur að Siglinga-

dögunum það mig um að gera þetta og ég ákvað að svara því kalli. Þetta er eiginlega eina sviðið sem ég þekki almennilega til á sem tengist sjónum því maður er alinn upp við

þessa bátasmiði. Mikið af mununum á sýningunni koma frá söfnunum hér á Ísafirði en ég er líka með sýningarskáp þar sem ég setti inn nokkra persónulega muni svo fólk

gæti kynnst annari hlið á manninum“, segir Áslaug.

Stefnt er að því að hafa sýninguna uppi fram yfir 16. ágúst en það var afmælisdagur Marsellíusar sem lést árið 1977. „Það kom fram við opnunina að miklir kærleikar voru milli afa míns og Úlfars sem var ritstjóri Vesturlands þegar hann dó. Þá gaf hann út sérstakt blað þar sem hann fór mjög ítarlega yfir hans feril.“

Áslaug segir sýninguna hafa

fengið góðar viðtökur. „Það er margir veikir fyrir gömlum bátum. Bæði á föstudags og laugardagskvöld kom hingað mikið af fólki til að skoða. Hérna var líka mikið af fólki í kvöldmat og góð stemmning. Það er mikið af sýningum í gangi í bænum og maður þarf að fara að skoða hjá hinum. Það er virkilega skemmtilegt þegar skapast svona flæði“, sagði Áslaug.

kristinn@bb.is



Úlfar Ágústsson og Guðjón Finndal Finnbogason við opnunina. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

Hestamannamót Storms á helginni

Hið árlega félagsmót hestamannafélagsins Storms á Vestfjörðum verður haldið að Söndum í Dýrafirði dagana 25. og 26. júlí. Mótið hefst með forkeppni gæðinga í A og B flokkum, ungmenna-, unglinga- og barnaflokkum.

Einnig verður opin forkeppni í gæðingatölti. Keppni hefst kl. 17 á föstudegi og verður haldin kvöldvaka að henni lokinni.

Á laugardag hefst dagskrá með hópreið hestamanna áður en keppt verður í úrslitum. Þá

verður boðið upp á útreiðartúr sem endar með sameiginlegu grilli á Söndum. Hægt er að skrá sig til keppni hjá deildarformönnum og eru gestakeppendur velkomnir.

halfdan@bb.is



Gott hal tekið um borð í Framnesið.

Ljósmynd: Hilmar Lyngmó.

Góð rækjuveiði hjá skipum HG

Áhafnir rækjuskipa Hraðfrystihússins – Gunnvarar (HG) hafa veitt mjög vel að undanförnu. Á mánudag kom Framnes að landi með 52 tonn af rækju, en hafði viku áður komið með 45 tonn. „Þetta þykir mjög góð veiði“, segir Sverrir Pétursson, útgerðarstjóri HG. „Andey kom líka að landi í morgun með 42 tonn sem þykir mjög gott. Á laugardag landaði Stefnir 22 tonnum eftir einungis þriggja daga veiði. Þetta er finasta rækja og það er nóg að gera hjá vinnslunni í Súðavík.“

– halfdan@bb.is

PÓLS

Bókari

Póls hf. óskar eftir að ráða bókara til framtíðarstarfa. Um er að ræða fullt starf í janúar og á sumrin, en hlutastarf aðra mánuði ársins. Vinnutími í hlutastarfi verður frá kl. 13-17 virka daga.

Umsóknir er tilgreina starfsreynslu, menntun og meðmæli sendist á halldor@pols.is eða til Póls hf. Sindragötu 10, 400 Ísafjörður merkt „Bókari“.

Umsóknarfrestur er til 30. júlí nk.

J. O. V. FÖT
Silfurgötu 2. Ísafirði. Sími 4564505

BILLABONG

Nýtt
Nýtt

Flotttur brettafatnaður
frá
BILLABONG og element

Nýtt
Nýtt
Nýtt

element





„Hættur að svekkja mig á gangi mála“

– segir „stýrimaðurinn í Dubai“, Flosi Arnórsson frá Ísafirði

Flosi Arnórsson stýrimaður frá Ísafirði komst í hann krappan í apríl í vor þegar hann var handtekinn á flugvellinum í Dubai í Sameinuðu arabísku furstadæmunum við Persaflóa. Flosi var að koma frá því að ferja fiskiskipið Svan RE til Dubai en skipið hafði verið selt þangað frá Íslandi. Á hluta leiðarinnar má eiga von á sjóræningjum og því var hann með ríffil meðferðis. Þegar halda átti heim hugðist hann taka byssuna með en var handtekinn í tollskoðun á flugvellinum. Síðan hafa mál hans verið til meðferðar í dómskerfinu ytra og hefur Flosi ekki mátt yfirgefa landið. Alls sat hann í fangelsi í Dubai í 40 daga. Íslenskt stjórnvöld hafa beitt sér í málinu og telur Flosi að það hafi orðið til þess að honum var sleppt úr haldi.

Nýverið úrskurðuðu yfirvöld í Abu Dhabi í Sameinuðu arabísku furstadæmunum að alríkisdómstóll myndi ekki rétta yfir Flosa þar sem hann teldist ekki ógna þjóðaröryggi. Mál hans skal hins vegar tekið fyrir af almennum dómstóli.

Að þjóðlegum sið þykir við hæfi að spyrja um veðrið við Persaflóann áður en farið er að ræða alvarlegri málefni.

„Ætli það sé ekki 45 stiga hiti hérna núna.“

– Er þá eitthvað hægt að vera úti við?

„Nei, varla, það er hægt að leggja úti í sólinni á morgnana en yfir heitasta tímenn er maður bara innan dyra.“

– Hvernig er staðan í þínu

máli?

„Núna eftir að þeir komust að því að ég ógna ekki þjóðaröryggi hefur málið kannski ekki breyst svo mikið. Þetta er áframhaldandi bið.“

– Ertu þá alltaf að bíða eftir að málið verði tekið fyrir?

„Já, það er beðið eftir því. Þetta hefur enga stórbreytingu í för með sér en það er ekki litið á þetta eins alvarlegum augum lengur.“

– Veistu þá eitthvað hvað málið á eftir að taka langan tíma til viðbótar?

„Ég var hjá lögfræðingnum núna í vikunni og hann var að leggja þetta niður fyrir mér. Hann telur jafnvel að þetta verði búið í lok ágúst. Þannig

er þetta enginn tími sem er eftir.“

– Er þá farið að sjá fyrir endann á þessu máli?

„Já, kannski, en það fer náttúrulega eftir því hvern niðurstaðan verður úr dómnum.“

– Máttu eiga von á hörðum viðurlögum?

„Ég veit ekki hvað skal segja. Þeir dæma mig kannski í tveggja mánaða fangelsi. Ég er þegar búinn að sitja inni í rúma 40 daga en fangelsismánuðurinn hérna er 22 dagar. Þeir stinga mér í versta falli inn í nokkra daga til viðbótar.“

Fékk leiðbeiningar um að gefa byssuna upp

– Hvernig var aðdragandinn að þessu máli?

„Við vorum að flytja hingað niður eftir gamlan loðnubát, Svan RE, og afhentum hann nýjum eigendum.“

– Þurftuð þið þá að sigla yfir hafsvæði þar sem má eiga von á sjóræningjum?

„Það er talað um að sú hætta sé fyrir hendi á hafsvæðinu milli Jemen og Sómalíu, þar sem maður kemur út úr Rauðahafinu.“

– Þess vegna hafið þið verið vopnaðir?

„Já.“

– En það hefur ekkert slíkt komið upp í ferðinni?

„Nei, það er talað um það sérstaklega fyrir utan strönd

Sómalíu, að ef skip lenda í vandræðum þar, vélarbilun eða slíku, skammt undan ströndinni, þá sé það nokkuð víst að ráðist verði inn í skipið.“

– Hvar skilið þið síðan skipinu af ykkur, í hvaða höfn?

„Það heitir Al Hamrha og er hérna í næsta nágrenni Dubai. Þetta er svona eins og Reykjavík og Hafnarfjörður.“

– Hvernig atvikast þetta síðan á flugvellið, ætlaðir þú að taka riffilinn með þér heim?

„Já, ég ætlaði bara að taka hann með heim aftur.“

– Varstu þá tekinn höndum þegar þú komst með hann á flugvöllinn?

„Það var engin tollskoðun í höfninni þar sem við komum í land. Síðan fer ég bara með riffilinn í töskunni út á flugvöll og ætla að fara með hann heim. Ég ætlaði að gefa riffilinn upp og fer með hann að upplýsingaborðinu á flugvellið. Þar opna ég töskuna og er með riffilinn innpakkaðan í þremur hlutum. Ég segi þeim að þetta sé riffill og spyr hvað ég eigi að gera við hann. Þeir segja mér bara að setja hann niður töskuna og fara með hana þangað sem farangurinn er gegnumlýstur. Hann náttúrlega sást í gegnumlýsingunni og þá biðja þeir mig um að opna töskuna og taka rifilinn upp. Ég gerði það og var þá leiddur í burtu.“

– Þú hefur þá í rauninni komið eins og hver annar ferðamaður og fengið þessar leiðbeiningar en síðan hafa þeir brugðist öfugir við þarna

í tollinum.

„Já, það stafar raun og veru af því að ég var kominn inn í landið með byssu en það var engin tollskoðun þar sem við komum í land.“

– Er það þá sökin í málinu að byssan hafi komið inn í landið án þess að gerð hafi verið grein fyrir henni?

„Já, þeir segja að byssan hafi í rauninni komið ólöglega inn í landið.“

Samfangarnir hjálpuðu við að útvega lögmann

– Síðan er þér haldið þarna í 40 daga.

„Já, mér var bara stungið í tuktið og haldið þar í þessa 40 daga þangað til mér var sleppt út á tryggingu. Reyndar ekki flóknari trygging en það að þeir halda bara vegabréfinu mínu. Mér var örugglega sleppt út vegna þrýstings frá íslenskum stjórnvöldum. Þetta er ekki venjulegur framgangur í málum hérna. Það verður alltaf einhver annar samlandi að leggja fram sitt vegabréf sem tryggingu.“

– Kemst þú strax í samband við íslensk yfirvöld þarna í tukthúsinu?

„Á flugvellið var mér hent inn í bíl og keyrt beint niður á stöð. Þegar ég sá í hvað stefndi náði ég að senda sms-skilaboð til strákanna sem voru með mér á skipinu. Þeir höfðu strax samband við íslenska sendiráðið í Kaupmannahöfn þegar þeir komu þangað.“



Stýrimaðurinn stendur á ströndinni með Indlandshaf í baksýn.

– Eru það síðan íslensk stjórnvöld sem fara að grennslast fyrir um þig?

„Já, þeir ákveða að hafa samband við norska sendiráðið í Abu Dhabi en þeir eru með konsúl hérna í Dubai. Ég fékk ekkert að hringja fyrstu tvo sólarhringana. Eftir það var ég leiddur fyrir saksóknara

og þá hitti ég konsúlinn.“

– Sá hann þá um að útvega þér lögfræðing?

„Nei, ég gerði það sjálfur.“

– Þekktirðu eitthvað til þarna úti?EKKI gastu bara flett lögfræðingnum upp í gulu síðunum?

„Nei, mér var náttúrlega stungið í fangelsi með 150 öðr-


um glæpamönnum. Ég fékk upplýsingar hjá þeim um hvernig væri best að bera sig að.“

Fær sér bjór með íslensku flugliðunum

– Hvenær er þér sleppt út? „1. júní, sjómannadaginn.“

– Hefurðu síðan haldið til á hóteli í Dubai?

„Nei, ég var fyrstu þrjár vikurnar á hóteli en það gekk náttúrlega ekki til lengdar, það er dýrt að vera á hóteli. Nú er ég fluttur inn á norskt sjómannaheimili hérna. Þetta er svona kristilegt sjómannaheimili og nokkur íbúðarhús



Hitinn getur farið yfir 40° í Sameinuðu arabísku furstadæmum.



Norski presturinn Atle Moe sem Flosi býr hjá.



Norski sendiherran í Abu Dhabi.



Flosi mátar hefðbundin klæði heimamanna í Sameinuðu arabísku furstadæmunum.

sem tilheyra því. Hérna er prestur sem býr einn í stóru húsi og ég flutti inn á hann.“

– Er þetta bærilegasta vist?
„Já, þetta er flott hús. Hér á svæðinu við sjómannaheimilið er líka stór sundlaug.

– En hvernig hafa þessir dagar verið hjá þér? Er mikið að skoða og mikið við að vera? Eða er kannski leiðingjarnt að vera strandaglópur þarna úti?

„Ja, ég er búinn að fara í eyðimerkursafarí og fleira hérna en það er bara ekkert hægt að vera úti við á daginn. Maður verður bara að halda sig innan dyra.“

– Eru einhverjir Íslendingar þarna úti sem þú hefur getað haft samband við?

„Já, það eru hérna áhafnir frá flugfélaginu Atlanta. Þeir gista alltaf á hóteli hérna niðri í bæ og ég kíki stundum á þá. Við fáum okkur bjór saman.“

– Þannig hefurðu haft einhverjar fréttir að heiman og smávægis tengsl við landann.
„Maður kemst náttúrllega alls staðar á internetið hérna og getur fylgst með öllu þannig. Það er á hverju horni hérna.“

Parí að komast í gott skipsrúm fyrir sparisjóðinn

– Hvernig tilfinning var það að vera kominn í steininn með 150 glæpamönnum í Mið-Austurlöndum?

„Óvissan var náttúrllega verst. Maður vissi ekkert alltaf hvað var að gerast. Annars hef-



Norska sjómannaheimilið í Dubai

ur þetta verið allt í lagi.“

– En nú hefurðu þurft að vera þarna úti síðan 23. apríl. Þetta hlýtur að vera mjög dýrt. Þú hefur væntanlega engar tekjur haft þennan tíma.

Hvernig hefur þetta leikið fjárhaginn? Veitir kerfið mönnum einhvern stuðning við svona kringumstæður?

„Ég tek bara lán. Sparisjóðsstjórnin í Bolungarvík passar upp á kortin hjá mér og sér um að halda þeim opnum.“

– En þú átt jafnvel von á að komast heim í ágúst eða september?

„Ja, maður veit ekki neitt. Ég er alveg hættur að ergja mig á einu eða neinu og alveg

hættur að búast við nokkru. Ég bara tek þessu eins og það kemur. Þess vegna gæti verið hringt í mig á morgun og mér sagt að hundskast heim.“

– Verður þá næsta mál að komast á sjóinn til að borga kortareikningana?

„Já, ég verð að komast í gott pláss svo að Ásgeir Sólbergs í sparisjóðnum haldi áfram að vera vinur minn.

– Að lokum – viltu koma einhverjum skilaboðum til fólksins heima?

„Ég er nú alltaf í daglegu sambandi í gegnum internetið og símann. En annars vil ég bara skila bestu kveðju til allra þeirra sem vilja þekkja glæpa-

manninn“, segir Flosi, sem virðist svo sannarlega ekki hafa misst móðinn eftir að hafa verið kyrrsettur í Dubai í á fjórða mánuð, þar af 40 daga í fangelsi, í bið eftir dómsniðurstöðu. Hlýtur þetta að teljast mjög sérstök lífeynslu, svo ekki sé fastar að orði kveðið, sem hefði vafalítið leikið sál-arlíf margra grátt. Flosi virðist aftur á móti takast á við óvissu og ókunnugt umhverfi af stöku æðruleysi og er að eigin sögn löngu hættur að svekkja sig á gangi mála í dómskerfi Sameinuðu arabísku furstadæmanna.

– kristinn@bb.is



Jóhannes Jónsson hjá DIGI-film klippir efni þáttarins.

Karl Eskil Pálsson og Jóhannes Jónsson

Gera Kastljóspátt um ferðabjónustu

Verið er að vinna að gerð Kastljóspáttar um ferðabjónustu á Vestfjörðum. Síðustu daga hafa Karl Eskil Pálsson, umsjónamaður Kastljóss, og Jóhannes Jónsson hjá vestfirska fyrirtækinu DIGI-film verið við tók-ur á áhugaverðum stöðum á svæðinu.

„Þetta er engan veginn tæmandi úttekt á efninu, en þar sem ferðamannatímabilið er núna í hámarki vildum við benda á nokkra staði sem vert er að skoða. Við höfum farið nokkuð vítt og breytt um Vestfirði. Við för-um við í siglingu um Ísa-fjarðardjúp og í Vigur auk

þess sem við tókum myndir á Látrabjargi í afburða góðu veðri“, segir Karl Eskil.

„Þá skjótum við inn myndum héðan og þaðan, en við komum við á Bíldudal, á Hrafnseyri, í Skrúði í Dýrafirði og víðar, til dæmis í harðfiskvinnslu. Nú er Jóhannes að vinna úr efninu, en þátturinn verður fullunninn hér fyrir vestan og fluttur tilbúinn suður. Hér eru til öll tæki og töl til að ráðast í svona verkefni“, segir Karl Eskil.

Þátturinn verður 25 mínútna langur og verður sýndur sunnudaginn 27. júlí.

halfdan@bb.is

Skrúður í Dýrafirði

Aðsókn eykst með hverju ári

Aðsókn að Skrúði í Dýrafirði, sem aðrir skrudgarðar hér á landi bera nafn sitt af, eykst með með hverju árinu að sögn Eddu Arnholtz umsjónarmanns garðsins.

„Um þrjú þúsund manns skrifuðu sig í gestabókina, hérna í fyrra. Þetta sumar lofar góðu og ég reikna með að í haust verði komnar einhvers staðar á bilinu þrjú-til fjögur þúsund færslur í bókina“, segir Edda. Eins og kunnugt er hafði garðurinn látið á sjá en árið 1992 tóku áhugaaðilar sig til og hófu garðinn til fyrri glæsileika á

næstu fjórum árum. Séra Sigtryggur Guðlaugsson hóf ræktun garðsins árið 1905 og styttist því í aldarafmæli Skrudðs þó hann hafi ekki verið formlega stofnaður fyrr en árið 1909.

Auk fjölbreyttra trjáa, runna og fjölæringa eru ræktaðar mat- og kryddjurtir í Skrúði. Edda segir garðinn hafa mikið verið notaðan í gegnum tíðina í tengslum við kennslu skólanna á Núpi. M.a. mun Sigtryggur hafa haldið skrá yfir plöntur sem nemendur þar gróður-settu. – kristinn@bb.is

Rögnvaldur og Margrét sigruðu í Víkinni

Rögnvaldur Magnússon sigraði á Bjarnabúðarmótinu í golfi sem haldið var á Syðridalsvelli í Bolungarvík á sunnudag. Leiknar voru 18 holur í punktakeppni. Rögnvaldur hlaut 41 punkt, en Bjarni Pétur Jónsson varð annar með 40 punkta og Wirot Khiansanthia varð þriðji með 38 punkta. Í kvennaflokki sigraði Margrét Ólafsdóttir með 40 punktum, en Pimonlask Rodpitake varð önnur með 38 punkta. Þá fékk Pröstur Jónsson nándarverðlaun á 5. braut og Pimonlask Rodpitake á 3. braut, auk þess sem hún átti lengsta pútt á 9. flöt. – halfdan@bb.is

Magnús og Margrét klúbbmeistarar hjá GÍ

Magnús Gautur Gíslason og Margrét Ólafsdóttir eru klúbbmeistarar Golfklúbbs Ísafjarðar 2003, en keppt var um titilinn á meistaramóti klúbbsins á Tungudalsvelli í síðustu viku. Magnús sigraði í 1. flokki karla eftir að hafa farið 72 holur á 311 höggum. Kristján Kristjánsson varð annar á 323 höggum, en Haukur Eiríksson þriðji á 327 höggum. Baldur Ingi Jónasson, sem lengst af var efstur á mótinu, datt niður í 4.-5. sæti. Í kvennaflokki sigraði Margrét Ólafsdóttir á 217 höggum, en konur og unglingar fóru helmingi færri holur en karl-



Magnús Gíslason.

annir. Önnur varð Ása Grímsdóttir á 229 höggum og Guðrún Á. Stefánsdóttir varð þriðja á 232 höggum. Í 2. flokki karla sigraði Samúel Einarsson (368) en Loftur G. Jóhannsson (381) og Finnur Magnússon (384) komu næstir. Í þriðja flokki var Jóhann Gunnar Jóhannsson (333) efstur og Rúnar Viggósson (360) varð annar. Gunnar Þór Helgason (374) varð svo í þriðja sæti. Einungis tveir keppendur voru í unglingaflokki og sigraði Högni Gunnar Pétursson (189) en Ásgeir Guðmundur Gíslason (193) varð annar. –halfdan@bb.is



Það var líf og fjör fyrir framan samkomuhúsið í Ögri er líða tók á nóttina. Ljósmyndir: Þorsteinn J. Tómasson.

Gleðskapur fram eftir nóttu í rjómaðlíðu á bátaballi í Ögri

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Ögurnesingur og einn skipuleggjandi hins árlega bátaballs í samkomuhúsinu í Ögri í Ísafjarðardjúpi, segir skemmtanahaldið hafa lukkast vel í blíðskaparveðri á aðfarnótt sunnudags. Dúettinn Þórunn og Halli lék fyrir dansi.

„Fólk fylgdist með sólar-

upprásinni því hér var gleðskapur fram eftir morgni eftir að balli lauk. Þetta fór allt fram á besta veg og allir skemmtu sér og sínum“, segir Halldór. Venju samkvæmt var gestum boðið upp á rjúkandi rabarbaragraut með rjóma og ætlar Halldór að 50 lítrum af graut hafi verið gerð skil.

Gestir mættu til leiks á sjó

mótorbátum og jafn mörgum kajökum. Halldór telur að gestir hafi verið um 240 en aldrei hafi jafn margir mætt með tjald með sér. „Hérna voru yfir 40 tjöld og fellihýsi. Sumir voru jafnvel mættir deginum áður“, sagði Halldór. Fleiri myndir munu birtast á svipmyndum á bb.is í vikunni.

kristinn@bb.is



Lögreglan var að sjálfsögðu á staðnum til að gæta þess að allt færi vel fram.



Stemmningin var ekki síðri innan dyra enda mikið fjör og rétt hitastig á mannskapnum.



Vertarnir Guðfinna Hreiðarsdóttir og María Guðröðardóttir afgreiddu grautinn.



Þorsteinn Sigfússon á Hólmavík og Guðmundur Kristjánsson voru á meðal gesta.



Dúettinn Þórunn og Halli léku fyrir dansi.

Mugison gefur plötuna Lonely Mountain á heimsvísu í haust

Virkjar nánustu vandamenn í bróðeringu á plötuumslaginu

Tónlistarmaðurinn Örn Elías Guðmundsson, betur þekktur sem Mugison, gefur út plötu sína Lonely Mountain á heimsvísu í haust. Upplag hennar er 10.000 eintök og hefur Örn virkjað alla nánustu vini og vandamenn í saumaskap, en umslag plötunnar er bróðerað að framan. Umslagið er prentað í H-Prent á Ísafirði,

en ekki er algengt að prentverk sé flutt frá Vestfjörðum úr landi.

„Útgefandinn, Magic and Accident, lét einhvern ægilega fínan hönnuð gera eitthvað sem mér leist ekkert á. Þeir báðu mig um að hugsa málið, en síðan tók mamma upp á því að bróðera nokkrar plötur, þannig að hún á eiginlega

hugmyndina að þessu. Útgefandanum leist síðan mjög vel á þetta“, segir Örn Elías.

Plata Armar kemur út í Japan í byrjun september, en í Bretlandi og á meginlandi Evrópu

8. október. Örn fylgir plötunni eftir með tónleikahaldi ytra, meðal annars í hinu virta ICA listagallerýi í Lundúnum.

halfdan@bb.is



Örn Elías Guðmundsson.

Fögnuðu 60 ára fermingarafmæli

Fermingabörn sem gengu til altaris í fyrsta skipti þann 13. júní árið 1943 í Staðarkirkju í Grunnavík hittust á Ísafirði um helgina og rifjuðu upp liðna tíma. „Á laugardag fórum við á söfnin í Tjöruhúsinu, Edinborgarhúsinu og í Faktorshúsinu í Hæsta-kaupstað. Við enduðum svo með kvöldmat á hótelinu og fórum svo á Sjallann“, segir

Páll Jóhannesson frá Bæjum. „Á sunnudag fórum við síðan upp á Bolafjall og út í Skálavík.“

„Við enduðum þetta með kaffibóði heima hjá mér í Stórholtinu. Tveir okkar búa á Ísafirði og í Hnífsdal, en tvö búa í Reykjavík. Þessir endurfundir heppnuðust mjög vel og við vorum mjög ánægð“, segir Páll. — halfdan@bb.is



Fermingabörnin fjögur í Neðstakaupstað á Ísafirði. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

Flugfélagið býður sérstök tilboðsfargjöld

Flugfélag Íslands hefur hafið sölu á netinu á sérstökum flugfargjöldum milli Ísafjarðar og Reykjavíkur í tilefni Unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið verður um verslunarmannahelgina. Tilboðið gildir dagana 30. júlí til 5. ágúst og er ferð aðra leiðina boðin á kr. 5.900. Gert er ráð fyrir miklum fjölda þátttakenda á mótið en skráningarfrestur rennur út 25. júlí. Að auki er von á töluverðum fjölda ferðafólks sem hyggst koma til Ísafjarðar af þessu tilefni. Jón Pétur Róbertsson framkæmdastjóri ULM 2003 segist mjög ánægður með viðbrögð Flugfélagsins. —kristinn@bb.is

Bjarni varði titilinn sem klúbbmeistari GBO

Bjarni Pétursson varði titill sinn sem klúbbmeistari Golfklúbbs Bolungarvíkur í A-flokki á meistaramóti GBO á Syðridalsvelli á laugardag. Bjarni lék 54 holurnar á 241 höggi. Fast á hæla hans kom Birgir Olgeirsson á 244 höggum og Weera Khiansanthia varð þriðji á 253 höggum. Skilyrði til golfíðkunnar voru mjög góð alla mótsdagana en leikið var í sól og blíðu þrjá daga af fjórum. Mótið var óvenju fjölmenn en alls tóku um 25 manns þátt. Keppt var í kvennaflokki og tveimur flokkum karla, annars vegar A-flokki þar sem kylfingar með



Sigurvegarnir: Bjarni, Tinna og Tómas. Mynd: B.S.E.

undir 18 í forgjöf léku og hins vegar í B-flokki þar sem léku kylfingar með 18 eða meira í forgjöf. Í B-flokki kylfinga stóð Tómas Rúnar Sölvason uppi sem sigurvegari en hann lék 54 holur á 266 höggum. Tinna Björk Sigmundsdóttir sigraði í kvennaflokki en hún lék 18 holur á 112 höggum. — kristinn@bb.is

Mikið um að vera á Siglingadögum

Fjórir hraðbátar sigldu í hóp um Pollinn á Ísafirði á laugardag áður en tveir þeirra héldu saman í Grunnavík í Jökulfjörðum. Var uppákoman liður í hátíðinni Siglingadagar sem nú stendur yfir á Ísafirði. Vonast hafði verið eftir fleiri bátum, en vegna anna skipstjóra og bilana var hópurinn minni en til stóð. „Þetta var samt frábær ferð. Það var farið í Grunnavík og gengið að Staðarkirkju undir leiðsögn Friðriks Jóhannssonar staðarhaldara. Svo grilluðum við úti áður en haldið var á ball í Ögri“, segir Úlfar Ágústsson, einn ferðalanganna og starfsmaður Siglingadaga. Köfunarkynning sem vera átti í Sundhöll Ísafjarðar á föstudag féll niður. „Menn höfðu sýnt þessu mikinn áhuga og við höfðum áhyggjur yfir því að koma ekki öllum fyrir.

En þegar á reyndi mættu menn ekki og því féll þetta niður“, segir Úlfar. Meðal annarra viðburða á Siglingadögum um liðna helgi má nefna kajaknámskeið í Reykjanesi undir stjórn Halldórs Sveinbjörnssonar og tveggja daga kajakferð sem Stefán Dan Óskarsson stóð fyrir. „Það vakti athygli að konur voru í meirihluta í þeirri ferð. Hópurinn fór inn að Fola-fæti og gisti þar, en endaði svo á bátaballi í Ögri“, segir Úlfar Ágústsson. Siglingadögum verður fram haldið næstu daga og fram yfir næstu helgi. Á laugardag verður keppt í kajakróðri og fimmtarpraut. „Þó nokkrar skráningar eru komnar, en það er mjög mikilvægt að áhugasamir skrái sig sem allra fyrst. Það auðveldar allan undirbúning“, segir Úlfar Ágústsson, starfsmaður Siglingadaga. –halfdan@bb.is



Fjórir hraðbátar sigldu í hóp um Pollinn. Myndir: Þorsteinn J. Tómasson.



Móttaka ferðamanna í Neðstakaupstað.

Byggðasafnið í Neðstakaupstað á Ísafirði

Góð aðsókn í sumar

Góð aðsókn hefur verið að Byggðasafni Vestfjarða í Neðstakaupstað á Ísafirði að sögn Tinnu Hermannsdóttur starfsmanns safnsins. „Hér hefur verið mikið rennirí og saltfiskveislurnar hafa hlotið góðar undirtektir. Þetta er ósköp svipuð umferð

og síðasta sumar, heldur meiri ef eitthvað er“, segir Tinna. Veitingasala hefur verið í Tjörhúsinu frá 20. júní og verður hún opin til 20. ágúst. Þar er boðið upp á súpu og brauð í hádeginu en fram eftir degi geta gestir safnsins fengið sér kaffi, kakó, vöffur og fleira

góðgæti. Jafnt Íslendingar sem útlendingar heimsækja safnið en Tinna telur stærri hluta þeirra vera Frónbúa. Byggðasafn Vestfjarða í Neðstakaupstað opnar upp úr 10 á morgnana og lokar um 17 en Tinna segir fólk einnigi skoða sig mikið um í umhverfi

safnsins utan reglulegs opnunartíma. „Fólk er mikið að skoða sig um hérna og kíkja í fjöruna. Ferðafólkið er ósköp hrifið af saltfisknum sem við dreifum út hérna og spyr mikið út í hann. Þá fær það smá hluta af sögu staðarins“, sagði Tinna. –kristinn@bb.is

Frá setningu Siglingadaga á Silfurtorgi á föstudag.

Þakkir

Hjartans þakkir til allra sem glöddu mig á 85 ára afmælisdeginum mínum með kveðjum, gjöfum og heimsóknum. Sérstakar þakkir til barna minna, tengdabarna og barnabarna. Bestu kveðjur. Sölvey Jósefsdóttir (Eyja).

STAKKUR SKRIFAR

Friðun Vestfjarða

Það hefur vakið sérstaka athygli þjóðarinnar hve mikið er um að vera í menningarlífi Vestfirðinga það sem af er ári. Hæst ber að sjálfsgöðu Söngvaseið, sem hlaut mikið lof og var sýndur nokkrum sinnum í Þjóðleikhúsinu við góðar undirtektir. Safnhúsið á Eyrtúni var opnað á þjóðhátíðardaginn og var sérstakt gleðjefni. Sæluhelgi á Suðureyri er að baki og grænlenkir dagar á Flatreyri. Hátíðin Bíldudals grænar... þótti heppnast vel. Siglingadagar stóðu á Ísafirði síðustu helgi. Ögurballið heppnaðist vel, óvenju margir þáðu rabbarbaragautinn, og loks biður unglíngalandsmót UMFÍ um verslunarmannahelgina. Þá verður mikið um að vera á Ísafirði. Mót og hátíðir sumarsins sýna þann kraft sem býr í Vestfirðingum og hvers þeir eru megnugir þegar saman er staðið og menn eru reiðubúnir að leggja sig fram og leggja mikið á sig. Samt fækkar Vestfirðingum.

Hvernig á að snúa þróun byggðarinnar við og fjölga íbúum á ný? Svarið eða svörin öllu heldur eru ekki auðsæ. Af gamansemi má rifja upp í því sambandi, að refurinn á Hornströndum var friðaður fyrir nokkru og er nú að taka yfir dýrheima. Varp bjargfugla er með minnsta móti þetta árið. Sumarhúsaeigendur á Hornströndum kvarta undan því að möfuglínur láti í minni pokann og honum fækki ár frá ári, því refurinn éti eggin. Bændur, sem enn búa í Ísafjarðardjúpi kvarta undan ágangi refs og mikilli fjölgun hans. Sama sagan er reyndar af öllu landinu. Friðun refs kynni því að vera athyglisvert fordæmi. Skyldi duga að

friða Vestfirðinginn til þess að hann fjölgaði sér? Hann á þó sameiginlegt með refnum að leita um allt land og fjölga sér annars staðar. Þessi þróun er kannski hafin með stækkun Hornstrandafriðlands og væntanlegum nýjum þjóðgarði í fyrrum Rauðasandshreppi, nú Vesturbýggð. Látrabjarg og Rauðisandur verða þá í nýjum þjóðgarði. Hornstrandafriðlandið mun ná í mitt Kaldalón og nýtt friðland vegna gróðurs verður á Austurströndum. Í friðlandinu býr enginn Vestfirðingur, refurinn situr að því í skjóli friðunar sinnar. Spurningin verður því hvort friða eigi Rauðsendinga innan þjóðgarðsins nýja, sem að vísu verður ekki stofnsettur fyrr en landeigendur hafa veitt samþykki sitt.

Fólk er víst sjaldan friðað og mun það ekki hafa verið gert á Íslandi. En um er að ræða spendýr sem líkt og refurinn þarf sitt rými, land og aðstæður til þess að þrífast og dafna. Vestfirðingar hafa verið til frá upphafi Íslandsbyggðar og víst er að flestum landsmönnum finnst þeir skera sig frá meirihlutunum vegna dugnaðar og þrauteigju. Þeir láta ekkert tækifæri ónotað til þess að segja sína skoðun umbúðalaust, bæði á mönnum og málefnum. Forseti Íslands er Vestfirðingur, líkt og Sveinn Björnsson fyrsti forseti Lýðveldisins. Héðan hafa komið margir af drýgstu stjórnmála- og athafnamönnum þjóðarinnar um aldir og hörðustu embættismennirnir allt fram á síðustu öld. Hvergi voru fleiri brenndir fyrir galdara. Það er því ástæða til friðunar stofnsins áður en hann blandast um of. Ekki sakar ef stofninn fjölgaði sér í kjölfarið.

SPURNINGIN

Spurt var:

Ætlar þú í haustferð til útlanda?

Alls svöruðu 191. Já sögðu 59 eða 31% Nei sögðu 102 eða 53% Óvíst sögðu 30 eða 16%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



Unglingalandsmót UMFÍ

Stanslaust fjör

Ísafirði um verslunarmannahelgina

Ókeypis útihátíð
- án vímuefna


www.ilm.is



UNGLINGA
LANDSMÓT
UMFÍ

• Á MÖN SÖL • BMX frá
Ísafirði • Svítubæðið • Íþróttakeppni • Karfa,
fótbolti, handbóli, skák, sund, glima, fjálsar,
golf • Símmi og Sveppi • Íslandsleikjón • Go-
kart • Fjáltefi við Jóhann Hartarson • Foreldra-
þrátt • Hæfileikakeppni • Grísk-rómversk glima
frá Svíþjóð • Siglingasýning á póllium • Mú-
næturflugeldasýning • Leiktæki • Bátferðir •
Kajakar • Gönguferðir • Kvöldvökur

Ókeypis er borð og veitingar fyrir alla, en keppendur greiða þjálfargjöld



helgargagnbókin

skemmtanir • fundir • fólk • sjónvarp • veður • íþróttir • fréttir • kirkjustarf

smáar

Tilboð óskast í húseignina að Tangagötu 23 á Ísafirði. Réttur áskilinn til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Uppl. í síma 456 3344.

Óska eftir að kaupa vel með farna 4ra herb. íbúð eða einbýlishús, helst með bílskúr, á eyrinni á Ísafirði. Uppl. í sínum 456 6195 eða 896 6195.

Til sölu er MMC Pajero, stuttur, dísel, árg. 1999, ekinn 134 þús. km. Uppl. í sínum 456 6195 eða 896 6195.

Til sölu er MMC Space Wagon árg. 99, ekinn 116 þús. km. 7 manna bíllj. Uppl. gefur Pálmi í síma 893 0933.

Til sölu er Nissan Micra árg. 94, ekinn 200 þús. km. Mjög sparneytinn bíll á góðu verði. Geislaspilari fylgir. Verð kr. 150 þús. Uppl. gefur Jón Haukur í síma 868 0705.

Til sölu er BMW 750 IAL. Uppl. í síma 820 7372.

Góð kona óskast til að sjá um 7 mán. stöpu tvo og hálfan morgun í viku frá miðjum ágúst. Uppl. í síma 897 7723.

Til sölu er borðstofuborð og sex stólar. Ekki af finustu sort en vel brúklægt. Fæst fyrir lítið. Uppl. í sínum 897 5052 eða 456 5054.

Til sölu er Nissan Micra árg. 98. Bíllinn er 3ja dyra, sjálfskiptur, ekinn 100 þús. km. Geislaspilari, sumardekk á ál-felgum og vetrardekk á stálfelgum fylgja. Asett verð er kr. 530 þús. Tilboð óskast. Uppl. í síma 696 7372 (Jens).

Nokia 5110 GSM-sími í leðurhulstri er týndur. Finnandi hafi samband í síma 456 3187.

Óska eftir golfsetti. Upplýsingar í síma 861 7845.

Til sölu er Flugfiskur árg. 1987 með vagni, talstöð, dýptarmæl, plotter o.fl. Upplýsingar í síma 822 0830.

Stálpaði kettlingurinn Hneta sem er brún og svört týndist í nágrenni Tunguskógs á Ísafirði fyrir viku. Þeir sem geta gefið upplýsingar vinsamlegast hafi samband í síma 692 8647.

Til sölu er 2ja herb. íbúð að Urðarvegi 78 með séringang. Uppl. í sínum 456 3928 eða 456 4323.

Halló! Átt þú einhverjar bækur sem þú vilt losna við. 10. bekkur Grunnskólans á Ísafirði er að safna fyrir skólaferðalagi og vantar bækur í bókamarkað sem verður auglýstur síðar. Hafið samband við Birnu Hlín í síma 847 8423, Bryndís í síma 846 8332 eða Sigrúnu Jónínu í síma 456 3979.

Til sölu er Rainbow ryksuga, lítið sem ekkert notuð. Uppl. í síma 456 8231 og 866 9544.

Til sölu er Nassuac 3018 ljósritunarvél sem fæst fyrir lítinn pening. Einnig bólstunarsauma-vél. Uppl. í sínum 456 5197 eða 456 5198.

Til sölu er Renault Nevada, station árg. 1991, 4x4 með læsingu á drifi. Góður bíll á góðu verði. Upplýsingar í síma 864 1341.



SJÓNVARPIÐ

Föstudagur 25. júlí

14.45 Fótboltakvöld
15.05 Leidarljós
15.50 Heimsmeistaramótið í sundi. Bein útsending frá Barcelona. Meðal annars undanúrslit í 500 metra flugsundi. Kolbrún Yr Kristjánsdóttir keppir, hafi allt gengið að óskum í undanrásun.
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Anna í Grænuhlíð (2:26)
18.30 Einn sinni var...
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.10 Kallaður Sirr. (They Call Me Sirr) Bandarísk sjónvarpsmynd frá 2001 um fátækan pilt úr sundaðri fjölskyldu sem verður íþróttahetta. Aðalhlutverk: Michael Clarke Duncan, Chris Collins, Alonso Oyarzun og Kente Scott.
21.45 Bardagajaxlinn. (Stealth Fighter) Bandarísk bímynd frá 1999. Herflugmaður sviðsetur dauða sinn, fer að vinna hjá suður-amerískum vopnasala, stelur orrustubotu og hyggst gera árásir á herstöðvar um víða völd en þá er gerður út maður til að stöðva hann. Kvikmynda-skóðun telur myndina ekki hafa fólki yngra en tólf ára. Meðal leikenda eru Ice-T, Mark Adair-Rios, Paul Terrell Clayton, Erika Eleniak og Ernie Hudson.
23.25 Ránio í Tórni. (The Italian Job) Bímynd frá 1969. Charlie Croker, slyngur þjófur, er leystur úr haldi eftir tveggja ára fangelsi en hvað ætli taki við? Aðalhlutverk: Michael Caine og Noel Coward. e.
01.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Laugardagur 26. júlí

09.00 Morgunundundin okkar
09.02 Mummi bumba (30:65)
09.05 Tommi togvaga (4:26)
09.19 Engillbert (23:26)
09.30 Albertína ballerína (26:26)
09.45 Stebbi strátur (3:13)
10.03 Babar (19:65)
10.18 Gulla grillari (40:53)
10.55 Timburmenn (5:10)
11.10 Timburmenn (6:10)
11.30 Kastljósið
11.55 Út og suður (11:12)
12.20 Heima er best (4:4)
12.45 Hlé
15.50 Heimsmeistaramótið í sundi. Bein útsending frá Barcelona. Meðal annars undanúrslit í 50 metra baksundi. Örn Arnarson keppir, hafi allt gengið að óskum í undanrásun.
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Milljón dala móti í golfi. Saman-tekst og bein útsending frá Alþjóðlegu golfmóti á Hvaleyrarholtsvelli í Hafnarfirði. Í lok móts eiga allir keppendur kost á höggi á þar 3 holtu og ná þeir holtu í höggi eru verðlaunin ein milljón Bandaríkjadala, eða ríflega 70 milljónir króna.
18.54 Lotó
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.40 Fjölskylda mín (8:13)
20.15 Faðir brúðarinnar II. (Father of the Bride Part II) Bandarísk gamanmynd frá 1995 um mann sem áður hafði tekið það ákaflega nærri sér að dóttir hans gengi í hjónaband en er nú öllum lokið þegar hún ætlað líka að verða mamma. Aðalhlutverk: Steve Martin, Diane Keaton, Martin Short og Kimberly Williams.
22.00 Umdeildur erfingi. (The Tichborne Claimant) Bresk bímynd frá 2000. Árið 1866 hafar sir Roger Tichborne, ungur breskur aðalsmaður, íhnatt-siglingu. Tíu árum síðar dúkaði upp maður sem kvæðst vera sir Roger og gerði tilkall til aðeigna fjölskyldunnar en varð eitt af frægari dómsmálum enskrar sögu. Meðal leikenda eru John Kani, Robert Pugh, Stephen Fry, John Gielgud, Robert Hardy og Rachel Dowling.
23.35 Fullkomuð morð. (Perfect Murder) Bandarísk spennumynd frá 1998 um auðkynningu sem á allt sem hann þráir utan eitt: Trygð konu sinnar, og því tekur hann til sína ráða. Aðalhlutverk: Michael Douglas, Gwyneth Paltrow og Viggo Mortensen.

01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok
Sunnudagur 27. júlí
09.00 Morgunundundin okkar
09.02 Otrabörnir (6:52)
09.25 Sigldar teiknimyndir (6:52)
09.32 Guffagrín (44:53)
09.55 Kobbi (70:78)
10.07 Risto (11:13)
10.15 Ungur uppfinningamaður
10.50 Vísindi fyrir alla
11.00 Timburmenn (5:10)
11.20 Timburmenn (6:10)
11.40 Út og suður (11:12)
12.05 Heima er best (4:4)
12.30 Kaupangur - Elsti bær Noregs?

13.00 Maður er nefndur
13.35 Hlé
15.50 Heimsmeistaramótið í sundi. Bein útsending frá Barcelona. Meðal annars úrslit í 50 metra baksundi. Örn Arnarson keppir, hafi allt gengið að óskum í undanúrslitum.
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Kalk og ostur
18.19 Tígrí (1:6)
18.25 Pabbi lögga (2:3)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.00 Ísaldarhesturinn. Verðlauna-mynd eftir Pál Steingrínsson um uppruna og sögu íslenska hestsins. Sú saga er að mörgu leyti samofin sögu þjóðarinnar, þrængingar og blómatími endurspeglast í kjörum og aðbúnaði hestsins.
20.55 Saga Forsyte-ettarinnar (6:8)
21.50 Helgarsportíð
22.15 Tár úr steini. Kvikmynd eftir Hilmar Oddsson frá 1995 byggð á lífs-hlaupi Jóns Leifs tónskálds. Aðalhlutverk leika Þröstur Leó Gunnarsson, Ruth Olafsdóttir, Bersþóra Aradóttir, Heinz Bennent og Jóhann Sigurðarson. e.
00.05 Kastljósið
00.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok



Föstudagur 25. júlí

06.58 Ísland í bitíð
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Í finu formi
09.35 Oprah Winfrey
12.00 Neighbours
12.25 Í finu formi
12.40 Dharma & Greg (22:24)
13.00 Björk
13.45 Jag (6:25)
14.30 The Agency (13:22)
15.15 Thieves (7:10)
16.00 Barnatími Stöðvar 2
17.15 Neighbours
17.45 Dark Angel (6:21)
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ísland í dag, íþróttir, veður
19.30 Friends 6 (16:24)
20.00 The Simpsons (4:22)
20.30 George Lopez (15:28)
20.55 Bernie Mac (5:22) (Saving Bernie) Bernie og Wanda fara með börnin í kirku í von um að aga þau til en Bernie er sá sem endar með því að vera sá vanþroska-ði. Síðar í miðju þókerkvöldi hjá Bernie banka kirkjunnarmenn upp hjá honum og falast eftir því að fá að nota húsið hans fyrir Bibluleshring.
21.20 Hídden Hills (5:18) (Hídduholar) Doug leggur mikið á sig fyrir helgarferð með Jenine án barnanna en kemst að því þegar þau koma á staðinn að þar er fullt af fólki sem þau kannast við. Zack og Sarah taka að sér að passa fyrir þau á meðan og njóta lífsins í húsinu þeirra.
21.50 Just Shoot Me (20:22)
22.15 If You Only Knew. (Ef þú bara vissir) Gamannmynd þar sem ástin svífur yfir vötnum. Hvað gerir maður til að vinna hjarta stúlunnar sem maður er hrifinn af? Parker heldur að besta ráðið sé að deila með henni íbúð. Sennilega vill hún ekki leigja með strák og þá er bara að segja að maður sé hommi! Þetta er einmitt það sem Parker gerir en þrátt fyrir að planið sé potþétt getur ýmislegt farið úrskeiðis. Aðalhlutverk: Jonathon Saechee, Frank Vincent, Dayna Danika, James Le Gros.

00.05 Legally Blonde. (Lögglit ljóska) Ellie Woods er ljósherð geguðardrottning. Hún er búin að finna draumaprinsinn og framtíðin er björt. En þá dýnur ógæfan yfir. Mannsefnið fer í lagana í Harvard og endurnýarkynnin við gamla kerustu. Ellie er niðurbrotin en neitar að gefast upp og eltir draumaprinsinn til Harvard. En á hún einhverja möguleika í heimi hinni gáfuðu og eldkláru menntamanna? Aðalhlutverk: Reese Witherspoon, Luke Wilson, Selma Blair.
01.40 A Simple Plan. (Lagt á ráðin) Jacob, Hank og Lou finna rúmar fjórar milljónir dala í flaki flugvélar. Þeir hirta peningana og ákveða að ef rannsókn yfirvalda varpi ekki ljósi á málið muni þeir skipta fengnum á milli sín. En of fara hlutirnir öðruvísi en ætlað er. Aðalhlutverk: Bill Paxton, Billy Bob Thornton, Bridget Fonda, Gary Cole.
03.35 Friends 6 (16:24)
04.00 Tónlistarmyndbönd
Laugardagur 26. júlí

08.00 Barnatími Stöðvar 2
09.50 Pétur og kötturinn Brandur
11.05 Yu Gi Oh (30:48)
12.00 Bold and the Beautiful
13.40 Random Passage
14.25 Football Week UK
14.50 Ruby Wax's Commercial
15.20 Taken (1:10)
16.50 Monk (10:12)



Stöð 2 sýnir kl. 21:00 á laugardagskvöld, sakamálatryllir með Johnny Depp í aðalhlutverki. Myndin heitir Djölfull í mannsmynd eða From Hell. Ódæðisverk eru framin í Whitechapel í Lundúnum árið 1888. Íbúarnir eru óttaslegnir og eru þeir þó ýmsu vanir í eynd sinni og örbirgð. Fórarnlömbin eru konur og það er ljóst að hinn blóðþyrsti morðingi hefur ekki fengið nægju sína. Lögregluvarðstjórinn Fred Abberline tekur að sér málið en til að leysa það verður hann að leggja líf sitt að veði. Auk Depp leikur Heather Graham eitt aðalhlutverkanna.

17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Lotó
19.00 Friends 6 (17:24)
19.30 Bubble Boy. (Blöðrustrákur) Aumunga Jimmy Livingston þarf að hrist í plastkúlu allt sitt líf. Hann fæddist heitulega gegn sveitum norðanna en það er viðramman reip að draga. Ánægju- stundirnar eru fáar en kynni við unga ekku léttu þeim lífið. Aðalhlutverk: Skeet Ulrich, Tobey Maguire, Jewel Kilcher.
01.15 Friends 6 (18:24)
01.40 Tónlistarmyndbönd



Föstudagur 25. júlí

18.00 Íslensku mörkin
18.30 Landsmótið í golfi 2003. Saman-tekst frá fyrsta keppnisdegi en sýnt verður beint frá mótnu um helgina.
19.30 Football Week UK
20.00 Gillette-sportpakkinn
20.30 Inside Schwartz (4:13)

SPORTIÐ Í BEINNI...



Sjónvarpið

Föstudagur 25. júlí kl. 15:50
Heimsmeistaramótið í sundi í Barcelona
Laugardagur 26. júlí kl. 15:50
Heimsmeistaramótið í sundi í Barcelona
Sunnudagur 27. júlí kl. 15:50
Heimsmeistaramótið í sundi í Barcelona

Sýn

Miðvikudagur 23. júlí kl. 18:00
Champions World: Manchester United – Celtic
Fimmtudagur 24. júlí kl. 19:00
Landsbankadeildin: ÍBV – Valur
Föstudagur 25. júlí kl. 24:00
Champions World: Celtic – Boca Juniors
Sunnudagur 27. júlí kl. 20:00
Champions World: Manchester United – Club America
Sunnudagur 27. júlí kl. 23:00
Champions World: Barcelona – Juventus
Miðvikudagur 30. júlí kl. 24:00
Champions World: AC Milan – Barcelona

„Koma fyrir einhverjir dallar“

Á föstudag opnaði Pétur Guðmundsson myndlistamaður sýningu í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Pétur sýnir þar myndir sem búnar eru til með kartonspreyi, en sú aðferð mun vera ný fyrir honum. „Þarna eru fjórtán myndir sem munu hanga uppi út Siglingadagana, fram á sunnudag“, segir Pétur. Aðspurður segir hann myndirnar ekkert frekar vera tengdar siglingum. „Það koma samt fyrir einhverjir dallar, en líka sól og tungl, fuglar og fiskar.“ Á myndinni er Pétur Guðmundsson við verk sín á sýningunni. (Ljósmynd: Þorsteinn J. Tómasson). – halfdan@bb.is



Laugardagur 26. júlí

14.00 Landsmótíó í golfi 2003. Saman- tekt frá öðrum keppnisdegi.

15.00 Landsmótíó í golfi 2003. Bein útsending frá þriðja og næstíðasta keppnisdegi.

18.00 Champions World

19.50 Lottó

20.00 MAD TV

21.00 Heavenly Creatures. (*Himneskar verur*) Þessi stórgóða mynd er byggð á sannsögulegum atburðum og segir frá vinkonunum Juliet Hulme og Pauline Parker. Með þeim þróast einstakt vináttusamband þar sem bókmenntir og óeíslað ímyndunarafli leikur lausum hala. Smám saman fjarlægjast þær fjölskyldur sínar og sökkva sífellt dýpra inn í sameiginlegan hugarheim sinn. Að lokum reynir móðir Pauline að stífa þeim í sundur en það reynist hafa hörmulegar afleiðingar. **Aðalhlutverk:** *Melanie Lynskey, Kate Winslet.*

22.40 Jirov/Toney/Tarver/Griffin. Útsending frá hnáfaleikakeppni í Connecticut í Bandaríkjunum. Á meðal þeirra sem mættust voru Vassily Jirov og James Toney en í húfi var heimsmeistaratitill IBF-sambandsins í millipungavgigt. Á sama stað mættust einnig Antonio Tarver og Montell Griffin og börðust um heimsmeistaratitil IBF-sambandsins í léttþungavgigt. Áður á dagskrá 31. maí 2003.

00.40 Portrait of Sunrise. Erótísk kvikmynd.

02.05 Dagskrárlok og skjáleikur

Sunnudagur 27. júlí

15.00 Landsmótíó í golfi 2003. Bein útsending frá fjórða og síðasta keppnisdegi.

19.00 US PGA Tour 2003

20.00 European PGA Tour 2003

21.00 Daylight Robbery (4:8)

21.50 Champions World. Bein útsending frá leik *Manchester United og Club America.*

00.00 English Premier League 02/03

00.55 Champions World. Bein útsending frá leik *Barcelona og Juventus.*

03.00 Dagskrárlok og skjáleikur



Föstudagur 25. júlí

18:30 Hjartsláttur á ferð og flugi (e)

19:30 Charmed (e)

21:00 According to Jim. Heimilisföðirinn Jim er óþroskaður smáþjakkur í líki fullorðins rums. Hann er nánast óþolandi á heimili og gerir hvað hann getur til að gera líf sína nánast óberilegt. Og hann veit það ekki einu sinni! Bakvið óheflað yfirborðið er Jim þó mesta gæðaskinn, segja þeir, hvað finnst þér?

21:30 Drew Carey. Drew er fyrimyndardrengur, vinnusamur húseigandi sem sækir barina stíft með vinum sínum Oswald Lee Harvey, Lewis og Kate. Þeir félagarnir njóta takmarkaðrar kvenhylli og Kate kýs sér yfirleitt sambönd af verra taginu. Þetta þagur Drew töluvert og þó er sú honum verst sem honum þykir langverst en það er Mimi samstarfskona hans, skrautleg dúkka með munninn fyrir neðan nefið.

22:00 Gleðisveit Ingólfs (e) Í þáttunum um Hljómsveit Íslands, eða Gleðisveit

Ingólfs, er fylgst með Ingólfi umboðsmanni koma meðlium Gleðisveitarinnar í fremstu röð sveitaballahljómsveita og vera snögur að því! Ingólfr fær tept sumartil að gera strákana fræga og í þáttunum, sem eru nokkurs konar blanda af heimildar- og skemmtiþáttum, verður fylgst með því hvaða aðferðum hann beitir. Gleðisveitinni verður fylgt eftir á ferðum sínum um landið í leit að frægð og frama og áhorfendur sjá með eigin augum hvernig óþekkt hljómsveitaband breytist í hljómsveit Íslands! Gleðisveitin er auðsúgestur á hverju heimili, plötskúþáp og félagsheimili og eins og Ingólfr sjálfur orðar það: „Við erum að tala um hljómsveit sem er ekki bara hópur af mönnum sem búa til frábæra tónlist, heldur fjölskylda sem þú ert partur af!“

22:30 The King of Queens (e) Arthur kveikti í húsinu sínu og situr nú uppi á Carrie dóttur sinni og Doug eiginmanni hennar. Hann er þeim óþægur ljár í þífu, alltaf á kvennafari og að skemmta sér. En verst er að hann séfur í sjónvarpsberberginu hans Doug. Carrie er kvenfang af bestu sort og vinnur á lögmannastofu en Doug keyrir sendibíl með aðra hönd á stýri og ávallt í stuttboxum.

23:00 Náttúrafarnar. *Drew Carey - Titus - City of Angels*

02:00 Dagskrárlok

Laugardagur 26. júlí

15:00 Jay Leno (e) Jay Leno sýnir fram á keisarans nekt á hverju kvöldi er hann togar þjóðarleiðtoga, frægt fólk og bara hversdagslega vitlesinga sundur og saman í háði. Síðan spjallar hann í röleigheitum um stjórnmál, kvikmyndir, saumaskap og gældýrahald við gesti sína sem eru ekki af verri endanum, margverðlaunadar stjórnur og stuðbóltar. Þættinum lýkur yfirleitt á að skítatr söngvarar koma fram.

16:30 Dateline (e)

17:30 Wildest Police videos (e)

18:15 48 Hours. Þrýðilegir fréttabættir sem lúta stjórn hins víðfræga fréttamanns Dan Rather. Tekið er á einu at- hyglisverðu máli í hverjum þætti og það krufið til mearjar, og efnt til sér-

stakra rannsóknar ef efni standa til.

19:30 Guinness World Record (e)

21:00 Law & Order CI (e) Eitursnjall er hann og ímyndunaraflíð engu líkt. Goren, aðalstórmála-sveitarlögga svífst einskis við að koma upp um durga, dóna og durta sem plaga New York búa. Fræstir standast Goren snúning enda nýtur hann dyggjar aðstoðar Alexöndru Eames lög- reglumanns og Ron Carver saksóknara.

21:40 Bob Patterson (e)

22:00 Law & Order SVU (e) Geðþekkur og harðsnúinn hópur sérsvítinga vinnur að því að finna kynferðisglepanenn í New York. Stabler og Benson, Munch og Tutuola undir stjórn Don Cragen yfirvar- stjóra og Alexöndru Cabot saksóknara leita allra leiða til að finna tilræðsmenn.

22:50 Traders (e) Slóttugir og undirförlur kaupssylumenn með vafasama fortíð sitja í bankaróði fjárfestingabanka í Kanada og leita allra leiða til að hámarka gróða sinn. Þeir eru fyrir löngu búnir að merkja fyrir rýtingnum á bakinu á hverjum öðrum en þeir eru líka slyngir í að standast hvernig öðrum snúning. Plott, peningur og ill augnaró eru þeirra líf og yndi.

23:40 Ladies Man (e)

00:10 Náttúrafarnar

02:25 Dagskrárlok

Sunnudagur 27. júlí

15:00 Jay Leno – tvöfaldur þáttur (e)

16:30 Brúðkaupsþátturinn Já (e)

17:15 Boston Public (e)

18:00 Law & Order (e)

18:45 Cybernet (e)

19:15 Mótur Sumarsport (e)

19:45 According to Jim – Drew Carey

21:00 48 Hours

22:00 Traders. Slóttugir og undirförlur kaupssylumenn með vafasama fortíð sitja í bankaróði fjárfestingabanka í Kanada og leita allra leiða til að hámarka gróða sinn. Þeir eru fyrir löngu búnir að merkja fyrir rýtingnum á bakinu á hverjum öðrum en þeir eru líka slyngir í að standast hver- jing öðrum snúning. Plott, peningur og ill augnaró eru þeirra líf og yndi.

22:50 Hjartsláttur á ferð og flugi (e)

23:40 Gleðisveit Ingólfs (e)

00:10 Náttúrafarnar City of Angels

01:40 Dagskrárlok

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar
eru veittar á skrifstofu

Fasteignaviðskipti

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HÖL
Mafnarstræti 1 - Ísafirði
Símar: 456 3940 & 456 3244
Fax: 456 4547 - Netfang: tryggvi@nerpa.is
Heimasíða: www.bb.is/tg

Vantar eignir á skrá

Tilboð óskast
Norðurvegur 2: 150,1 m² einbúð á tveimur hæðum ásamt kjallari og rektörri eiginleiki. Verð 11,5 m.kr.

Fjarðarstræti 14: 100 m² í tveggja hæðum. Verð 6,8 m.kr.

Fjarðarstræti 32: 113 m² 5 herbergja íbúð á tveimur hæðum í tvíþýlishúsi ásamt hlífeymslu. Tilboð óskast

Stórholt 11: 122,9 m² 4ra herbergja íbúð á 3.h.v. í fjölþýlishúsi ásamt

Bakkavegur 48: 100 m² íbúð einþýlishúsi. Ár timberi ásamt fyrirtæki um kleinskalatun. Tilboð óskast

Hafraholt 56: 138,4 m² Hósbýlingahúsi á tveimur hæðum ásamt bílskú. Verð 12,9 m.kr.

Hlíðarvegur 37: 185,9 m² raðbúð á þremur hæðum ásamt bílskú og einnuklí. Skípti á minni eign koma til gróða. Verð 10,2 m.kr.

Hnífsdalavegur 10: 120,9 m² einþýlishúsi á tveimur hæðum ásamt grósum garði og eignarlóð. Laust fljótlega. Verð 4,8 m.kr.

Móholt 2: 141,3 m² einþýlishúsi á einni hæð ásamt 41,6 m² bílskú

Tilboð óskast
Stórholt 11: 122,9 m² 4ra herbergja íbúð á 3.h.v. í fjölþýlishúsi ásamt

sér geymslu og bílskú. Skípti á minni eign möguleg. Verð 7,5 m.kr.

Engilavegur 31: 92,1 m² 3ja herb. íbúð á n.h. í tvíþýlishúsi í góðu standi. Verð 5,8 m.kr.

Fjarðarstræti 46: 113,5 m² 3ja herbergja íbúð í fjölþýlishúsi ásamt geymslu. Verð 5,7 m.kr.

Fjarðarstræti 38: 3-4ra herbergja íbúð að hluta undir rísi. Íbúðin er í góðu standi. Verð 4,5 m.kr.

Grundargata 6: 72,3 m² íbúð á 2. hæð til vinstri í fjölþýlishúsi. Verð 4 m.kr.

Hlíð H Torfenski: 62,5 m² 2ja-3ja herb. íbúð á jarðh. í Dvalarheimili aðbúðar. Íbúðin er laus strax til sölu eða leigu. Verð 7,1 m.kr.

Pálsgata 6: 55 m² raðbúð á 3ju hæð í fjölþýlishúsi. Verð 3,9 m.kr.

Sálfgata 11: 56,2 m² (75m²

Hvað er að ske? Á helginni

25. júlí - 28. júlí

CHARLIE'S ANGELS
FULL THROTTLE

Eín alvinsælasta mynd sumarsins á Íslandi

Sunnudag kl. 8 og 10
Mánudag kl. 8

Sjallinn
City of Angels

BMX

Föstudags- og laugardagskvöld 23 - 03. 18 ár

KRÓSIN

DANSLEIKUR á laugardagskvöld

Gabriel
23 - 03. 18 ár

gölflesta, mikið rými í rísi) Björn og glæsileg íbúð með frábæru útsýni. Ötrúlega hagsæld í rekstri. Áhv. ca. 3,4 m.kr. Verð 5,8 m.kr.

Stórholt 11: 72,6 m² íbúð á jarðhæð í fjölþýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð 3 m.kr.

Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3ju hæð til hagrí í fjölþýlishúsi ásamt sér geymslu. Skóða 60 tilboð. Möguleiki að taka þill uppi. Áhv. ca. 3 m.kr. Verð 5,5 m.kr.

Fjarðarstræti 55: 66,1 m² íbúð á 2. hæð í fjölþýlishúsi ásamt geymslu. Verð 5 m.kr.

Hlíðarvegur 27: 49,9 m² íbúð á neðri hæð í tvíþýlishúsi. Áhv. ca. 555 þús. kr. Verð 3 m.kr.

Sindrugata 11: 2440 m² archívein á tveimur hæðum, aðveitt að skiptu húðinu í minni einingar. Eftir er að

innrétta efri hæð. Verð 40 m.kr.

Thúf Koon: 63 m² nýr vinkunn- búnaðs og veitingastaður í fallum reikstri, ásamt innréttingum, tekkjum og íbúðum. Tilboð óskast

Adalgata 16: 133 m² uppert skrifstofuhúsnæði á neðri hæð í tvíþýlishúsi. Verð 3 m.kr.

Hólfabrin 5: 184,8 m² hlúð einþýlishúsi á einni hæð ásamt 51 fm kjallari og 34,5 fm bílskú. Tilboð óskast

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýndar af stórkæmni. Allar frekar upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.bb.is/tg

veðrið

Horfur á fimmtudag: Austlæg átt, 5-8 m/s norð- anlands, en hægari syðra. Rigning víða um land, þó einkum sunnanlands og austan. Hiti yfirleitt á bilinu 10 til 15 stig..

Horfur á föstudag: Breytileg átt, víðast fremur hæg. Dálítil rigning eða skúrir víða um land, þó síst suðvestantil. Hiti áfram 10 til 15 stig.

Horfur á laugardag: Breytileg átt, víðast fremur hæg. Dálítil rigning eða skúrir víða um land, þó síst suðvestantil. Hiti áfram 10 til 15 stig.

Horfur á sunnudag: Breytileg átt, víðast fremur hæg. Dálítil rigning eða skúrir víða um land, þó síst suðvestantil. Hiti áfram 10 til 15 stig.

Horfur á mánudag: Breytileg átt og léttir heldur til í flestum lands- hlutum.

kirkja

Flateyrarkirkja: Gospelguðspjónusta sunnudaginn 27. júlí kl. 20:30. Gospelkórinn kemur í heimsókn.

Unaðsdalskirkja: Guðspjónusta á sunnu- dag kl. 14:00.

fréttir

Fékk golf- kúlu í augað

Laust upp úr kl. 14 á mánudag var lögreglunni á Ísafirði tilkynnt um að maður sem var við slátt á golfvelliðum í Tungudal á Ísafirði hafi orðið fyrir golf- kúlu. Maðurinn ók dráttar- vél með sláttuvél í eftir- dragi sem virðist að sögn lögreglu hafa þeytt golf- kúlu af all miklu afli í auga hans. Brotnuðu við það gleraugu mannsins. Mun hann hafa meiðst á auga og var sendur með sjúkra- flugi til Reykjavíkur.

kristinn@bb.is

bb.is

– þessi
eini
sanni!

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4500 • Fax 456 4504 • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Förum létt með þyngri sendingar

- dreifum um allt land

www.postur.is

ÞÓSTURINN



Kjúklíngabitar vigtaðir með samvalsvél frá Póls.

Póls hf. á Ísafirði og bandaríska fyrirtækið FoodCraft

Umfangsmikið samstarf í kjúklíngaiðnaði

Póls hf. á Ísafirði hefur hafið samstarf við bandaríska fyrirtækið FoodCraft um markaðssetningu og dreifingu á tækjabúnaði Póls til kjúklíngaframleiðenda í Norður-Ameríku. Að sögn Harðar Ingólfssonar, stjórnarformanns Póls, er mikill áhugi meðal manna í bandarískum kjúklíngaiðnaði á búnaði sem getur búið til skammta ef meiri nákvæmni en hefur tíðkast.

„Hvert prósent skiptir máli þegar framleiðslumagníð er mikið. Sá búnaður sem almennt er notaður þykir ekki ná viðunandi árangri og því beinast augu manna að nýjum aðferðum sem geta skilað betri

árangri“, segir Hörður.

„Nýlega voru lykilstjórnendur FoodCraft að ganga frá útlitsteikningum á vinnslulínunum fyrir kjúklíngasláturleiðenda í Norður-Ameríku. Að sögn Harðar Ingólfssonar, stjórnarformanns Póls, er mikill áhugi meðal manna í bandarískum kjúklíngaiðnaði á búnaði sem getur búið til skammta ef meiri nákvæmni en hefur tíðkast. „Hvert prósent skiptir máli þegar framleiðslumagníð er mikið. Sá búnaður sem almennt er notaður þykir ekki ná viðunandi árangri og því beinast augu manna að nýjum aðferðum sem geta skilað betri

þessu sviði eigi fullt erindi á bandarískan kjúklíngamarkað“, segir Hörður.

Póls hf. mun þróa og framleiða nauðsynlegan búnað, með sérstaka áherslu á vinnslulínur og skömmun með þeirri tækni sem fyrirtækið hefur yfir að ráða. Póls hefur um árábil sérhæft sig í gerð svokallaðra samvalsvéla sem vigta og velja saman mismunandi þunga bita í ákveðna pakkningarvið.

„Samstarf fyrirtækjanna verður á því formi að Food-Craft sér um markaðssetningu og veitir Póls hf. tæknilegar upplýsingar um kjúklíngaiðnaðinn“, segir Hörður. „Það er

mat forsvarsmanna Póls að samstarfið við FoodCraft gefi félaginu einstakt færi á að komast inn á þennan stóra markað og að sama skapi muni sú tækni og þær aðferðir sem Póls hf. ræður yfir geta styrkt stöðu FoodCraft verulega á næstu árum. Póls mun leita samstarfs við önnur íslensk fyrirtæki til að tryggja nægilega afkastagetu í hönnun og framleiðslu vegna þeirra verkafna sem eru framundan í tengslum við samstarfið við FoodCraft“, segir Hörður Ingólfsson, stjórnarformaður Póls hf.

halfdan@bb.is

Lífeyrissjóður Vestfirðinga

Hrein eign minnk- aði um 245 milljónir

Hrein eign Lífeyrissjóðs Vestfirðinga til greiðslu lífeyris minnkadi um 245 milljónir króna á síðasta ári. Í lok árs 2002 var hrein eign sjóðsins 12,9 milljarðar og hafði þá rýrnað um 1,9%. Lífeyrissjóður Vestfirðinga er nú 14. stærsti lífeyrissjóður landsins.

Guðrún Guðmannsdóttir framkvæmdastjóri sjóðsins segir rýrnunina skýrast af neikvæðra ávöxtun erlendra verðbréfa og lækkandi gengi dollars. „Lífeyrissjóðurinn á í verðbréfasjóðum erlendis sem fjárfesta bæði í skulda-
bréfum og hlutabréfum. Þegar verið er að horfa á raunávöxtun lífeyrissjóða er það gert til lengri tíma. Þessar eignir voru að skila okkur 15% ávöxtun á árinu 1999 og að sama skapi eru horfur bjartar fyrir þetta ár“, segir Guðrún.

Verðbréfaeign Lífeyris-

sjóðs Vestfirðinga var tæplega 11,8 milljarðar í lok síðasta árs. Guðrún segir að ef lítið er til erlendra lífeyrissjóða þá séu íslensku sjóðirnir að ná góðum árangri. „Við erlendis erum við að sjá allt að 30% neikvæða ávöxtun.

Stjórn Lífeyrissjóðs Vestfirðinga hefur markað þá stefnu að horfa til langs tíma og halda í þessar eignir meðan niðursveiflan gengur yfir. Við ætlum að fá hækkinguna að fullu inn aftur. Ég hef séð virkilega sorgleg dæmi um að fólk hafi farið á taugum þegar breif hafa lækkað. Fólk hefur haldið sig vera að tapa öllu og selt bréf á mjög lágu gengi sem síðan hafa rétt úr kútnum, jafnvel nokkrum mánuðum síðar. Þetta hefur hent mjög marga einstaklinga“, sagði Guðrún Guðmannsdóttir.

kristinn@bb.is

Kaup RARIK á Hitaveitu Dalabyggðar

Komu Orkubúinu í opna skjöldu

Kaup RARIK á Hitaveitu Dalabyggðar virðast hafa komið stjórnarmönnum Orkubús Vestfjarða í opna skjöldu samkvæmt fréttum Svæðisútvarps Vestfjarða. Áður hafði verið áformað að selja Orkubúinu hitaveituna og átti aðeins eftir að ganga frá formsatriðum.

Í fréttum útvarps í síðustu viku kom fram að Orkubúið hefði boðið 135 milljónir króna í hitaveituna en á mánudag hafi komið tilboð frá RARIK upp á 140 milljónir króna. Bæði Orkubúið og RARIK eru í ríkiseigu.

Kristján Haraldsson orkusúðstjóri sagði í samtali við Ríkisútvarpið að tilboð



Höfuðstöðvar Orkubús Vestfjarða á Ísafirði.

Orkubúsins staði en fyrirtækið ætlaði ekki að taka þátt í yfirboðum tveggja ríkisfyrirtækja. Ef kaup RARIK á Hitaveitu Dalabyggðar væru til þess fallin að skapa meiri sátt um málið meðal heimamanna þá væri það jákvætt.

kristinn@bb.is

MITAC MINote 8640

sumartilboð

Útgáfa 1

- 2.0 GHz Celeron Dögnur
- 1GB DDR2 minnihuging
- 20GB diskur
- Án skjermar
- 114.000,-

Útgáfa 2

- 2.0 GHz Celeron Dögnur
- 2GB DDR2 minnihuging
- 20GB diskur
- 114.000,-

Útgáfa 3

- 2.0 GHz Pentium Dögnur
- 1GB DDR2 minnihuging
- 20GB diskur
- 114.000,-

Útgáfa 4

- 2.0 GHz Pentium Dögnur
- 2GB DDR2 minnihuging
- 20GB diskur
- 114.000,-

Alta samstillingar í boði

Alta samstillingar í boði

Alta samstillingar í boði

Hugver ehf. • Vitastíg 12 • 101 Reykjavík • www.hugver.is • hugver@hugver.is • sími 562 0707